

SIGURÐUR TÓMAS GUÐMUNDSSON

Hrifnastur af hlutum sem hafa notagildi

heimili
allt í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Garður með leiksvæði á bílageymsluþakinu

Sérblað um fasteignir
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. apríl 2008 – 108. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Mikið lagt í eldri húsgögn

Meistarafélag bólstara er 80 ára.

TÍMAMÓT 18



Stefnir á hafdjúpin

Páll Óskar Hjálmtýsson er bókaður út árið en vonast til að komast í blautbúning á næsta ári og sinna áhugamáli sínu.

FÓLK 30

Hermann sá rautt

Hermann Hreiðarsson fékk að líta rauða spjaldið gegn City í gær.

ÍPRÓTTIR 26



Híbýli og svefnherbergi

Snyrtiborð fyrir hefðarmeyjar og lyklar að öðrum heimum.

FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.



VEÐRIÐ Í DAG



BJART NYRÐRA Í dag verða austan 5-8 sunnan til, annars hægviðri. Bjartviðri norðan til og sumstaðar eystra, annars fremur skýjað og hætt við smávætu suðvestan til. Áfram milt.

VEÐUR 4

Lítið traust meðal þjóðarinnar til Seðlabanka Íslands

51,8 prósent segjast bera lítið eða mjög lítið traust til Seðlabankans, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. 31,9 prósent bera nokkurt traust til bankans en 16,3 prósent bera mikið eða mjög mikið traust til hans.

SKOÐANAKÖNNUN 16,3 prósent segjast bera mikið eða mjög mikið traust til Seðlabanka Íslands, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Þar af segjast 11,4 prósent bera mikið traust til bankans, en 4,9 prósent segjast bera mjög mikið traust til hans.

31,9 prósent segjast bera nokkurt traust til Seðlabankans en 51,8 prósent segjast bera lítið eða mjög lítið traust til hans. Þar af segjast 26,5 bera lítið traust til bankans, og 25,3 prósent bera mjög lítið traust til hans.

Kjösendur Sjálfstæðisflokksins bera mest traust til Seðlabankans, en 36,8 prósent þeirra bera mikið

eða mjög mikið traust til hans. Meðal framsóknarfólks og vinstri grænna er hlutfallið um fimmtán prósent. Þá eru sjö prósent samfylkingarfólks og fjögur prósent frjálslyndra sama sinnis. Tíu prósent þeirra sem ekki gefa upp stuðning við stjórnmálaflokk bera mikið eða mjög mikið traust til bankans.


Helmingur framsóknarfólks segist bera nokkurt traust til Seðlabankans, 36,8 prósent sjálfstæðismanna eru sama sinnis, svo og um þrjátíu prósent stuðningsfólks annarra flokka og þeirra sem ekki gefa upp stuðning við stjórnmálaflokk. Minnst traust á Seðlabankanum

er meðal kjósenda Frjálslynda flokksins, en tveir þriðju þeirra segjast bera lítið eða mjög lítið traust til bankans. Um sextíu prósent kjósenda Samfylkingar, Vinstri grænna og þeirra sem ekki gefa upp stuðning við flokk eru sama sinnis. Þá segist þriðjungur framsóknarfólks bera lítið eða mjög lítið traust til bankans og fjórðungur kjósenda Sjálfstæðisflokksins.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 19. apríl. Spurt var: Hversu mikið traust berð þú til Seðlabanka Íslands? 91,0 prósent tók afstöðu til spurningarinnar.

-ss / sjá síðu 4

HVERSU MIKIÐ TRAUST BERÐ ÞÚ TIL SEÐLABANKA ÍSLANDS?



SKV. SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 19. APRÍL 2008



GJÖRNINGAVERK ÚR SPÝTNABRAKI Verk Steinunnar Gunnlaugsdóttur myndlistarkonu vekur mikla athygli á útskriftarsýningu Listaháskólans á Kjarvalsstöðum, þar á meðal brunaeftirlitsins. „Þeim leist ekki á blikuna og það getur farið svo að ég þurfi að taka verkid niður,“ segir Steinunn. Verk hennar er búið til úr alls kyns spýtnabaki sem teygir sig út úr safninu og breytist með hverjum deginum sem líður. Alls sýna 63 nemendur verk sín á sýningunni sem stendur til 1. maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hlutfall hegningarlaga brota sem kært er í tvöfaldast á höfuðborgarsvæðinu:

Færri brot en fleiri kærur

LÖGREGLUMÁL Kærum lögreglu á höfuðborgarsvæðinu vegna hegningarlaga brota hefur fjölgað talsvert á undanföllum árum þrátt fyrir að lögreglan hafi afskipti af sífellt færri brotum, segir Rannveig Þórisdóttir, deildarstjóri upplýsinga- og áætlanadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Á síðasta ári kærði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vegna um það bil 6.800 hegningarlaga brota, af þeim 9.400 sem hún hafði afskipti af. Árið 2001 kærði lögreglan vegna 5.200 hegningarlaga brota, en hafði afskipti af um 14.300 brotum.

Þrátt fyrir um þriðjungssam-

drátt í fjölda brota sem skráð voru fjölgaði kærum um 31 prósent á milli árunna 2001 og 2007.

Árið 2007 var kært vegna 72 prósentu mála sem skráð eru í bækur lögreglu, en árið 2001 var kært í 36 prósentum tilvika. Hlutfallið tvöfaldaðist því á sjö ára tímabili.

-bj / sjá síðu 6

Forsetafrúin í Katar:

Dorrit situr ráðstefnu um börn

FÓLK Dorrit Moussaieff, eiginkona Ólafs Magnars Grímssonar forseta, situr í dag ráðstefnu í Katar þar sem fjallað er um málefni barna með sérþarfir. Dorrit er gestur hennar hátígnar Sheikh Mozah, eiginkonu furstans í Katar.



DORRIT MOUSSAIEFF

Á ráðstefnunni er lögð sérstök áhersla á íþróttir og það hvernig íþróttaiðkun getur aukið færni barna með sérþarfir. Með forsetafrúnni í för er Anna Karólína Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Special Olympics á Íslandi. Greinargerð um starfsemi Íþróttasambands fatlaðra á Íslandi og þann árangur sem náðst hefur með íþróttastarfi fatlaðra hér á landi verður lögð fram á ráðstefnunni.

-þo

Guðlaug Jónsdóttir hönnuður Verðlaunuð fyrir hótelhönnun

FÓLK Hönnuðurinn Guðlaug Jónsdóttir og samstarfsfólk hennar hjá stofunni Dodd Mitchell í Los Angeles, hefur hlotið tvenn verðlaun fyrir hönnun á hótelinu Cabo Azul og heilsulindinni Paz í Mexíkó. Verðlaunin veitir tímaritið Hospitality Design, en afhending fer fram í New York í júní.

Guðlaug segir verkefnið hafa verið ógleymanlegt. „Ég lifði fyrir það í eitt og hálf ár. Við settum upp skrifstofu á ströndinni, ég lærði spænsku og salsa og elddansa þegar ég átti smátíma aflögu frá teikniborðinu,“ segir hún.

-sun / sjá síðu 22

Við stöndum upp úr Fréttablaðið er með 57,32% meiri lestur en 24 stundir og 90,08% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft... alla daga

Meðalrestur á tölublað m.v. allt landið 18-49 ára skv. könnun Capacent L. nóv. 2007-31. jan. 2008

Kafbátur mánaðarins **SUBWAY** 329 kr

...snjall leikur í hádeginu!

17 Subway staðir um allt land

SPURNING DAGSINS



Kári, ætti Nasa ekki að stefna upp frekar en niður?

„Nei, það þarf að jarðtengja starfseminna til að geta nýtt tónlistarorkuna til framtíðar.“

Til stendur að grafa tónleikalas skemmtistaðarins Nasa í jörðu. Kári Sturluson er einn þeirra sem barist hafa fyrir því að salurinn verði ekki rifinn.

Grunur um íkveikju á Nesinu:

Eldur barst úr grindverki í bíl

LÖGREGLUMÁL Bíll stórskemmdist í bruna á Seltjarnarnesi í gærmorgun. Slökkvilið var kallað að húsi við Sæbraut en þar logaði eldur í grindverki og hafði borist í bíl sem var lagt í stæði við húsið.

Slökkvistarf gekk greiðlega en eignatjón mun vera nokkurt. Lögreglan rannsakar eldsupptök en grunur leikur á að kveikt hafi verið í.

- þo



Á **LANDSPÍTALANUM** Formaður lækna ráðs vill að lækna verði í fararbroddi í umræðum um breytingar á spítalanum.

Fundur lækna ráðs:

Segir stjórnkerfið of stórt

HEILBRIGÐISMÁL Þorbjörn Jónsson, formaður lækna ráðs Landspítalans, gagnrýndi stjórnskipulag á spítalanum á fundi lækna ráðs Landspítalans um helgina.

Stjórnkerfið segir hann of stórt og skil milli stjórnunarhlutverks yfirlækna og deildarstjóra ekki nægilega skörp. Miklar breytingar séu líklega í farvatninu á spítalanum auk þeirra sem á undan eru gengnar og vilji lækna og lækna ráð vera í fararbroddi í þeim umræðum.

Þorbjörn segir umræðurnar hafa verið gagnrýndar á þeim forsendum að aðallega hefði verið rætt um stjórnunarhlutverk lækna. „Þetta var lækna ráðsfundur hugsaður fyrir lækna þótt aðrir hafi verið velkomnir.“

- kdk

REI íhugar samvinnu með Norðuráli og IAE um jarðhitaverkefni í Alaska:

Möguleiki á hitaveitu og álveri

ORKUMÁL Fulltrúar Reykjavík Energy Invest (REI) fóru í síðustu viku til borgarinnar Anchorage í Alaska til að vinna að undirbúningi vegna hugsanlegs útboðs á jarðhitarettindum.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri REI, segir að í Alaska hafi farið fram kynning á möguleikum á lagningu hitaveitu í Anchorage, sem er stærsta borg Alaska-fylkis í Bandaríkjunum.

REI hefur í samvinnu við Norðuráli og Iceland America Energy kannað tækifæri tengd jarðhita í Alaska. Guðmundur segir að ein af þeim hugmyndum sem ræddar hafi verið sé að jarðhitavirkj-



GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON



KJARTAN MAGNÚSSON

unin muni knýja álver, auk þess sem heitt vatn muni fást fyrir hitaveitu.

Yfirvöld í Alaska hafa ekki ákveðið hvort jarðhitarettindin verði boðin út, en ákvörðunar um

það er að vænta snemma í sumar. Verði af útboði verður það líklega í ágúst, segir Guðmundur.

Kjartan Magnússon, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur og REI, segir að þetta verkefni hafi verið í formlegri skoðun frá því í september í fyrra, en ekki hafi verið lagt í fjárfestingar. Málið verði skoðað áfram, enda vilji REI ekki tapa verðmætum í þeim verkefnum sem séu í gangi. Áhættan verði þó lágmörkuð.

Hann segir að í þessu verkefni komi vel til greina að REI leggi til sérfræðipækkingu en aðrir leggi fram fjármagn.

- bj

Fimmán ára drengur velti bíl:

Fjórir sluppu með skrekkinn

LÖGREGLUMÁL Fimmán ára ökuamaður Toyota Yaris-smábíls slapp með skrekkinn ásamt þremur farþegum þegar bíllinn fór út af Reykjastrandavegi við Sauðárkrók á laugardagskvöld og fór þrjár til fjórar veltur.

Bíllinn var í eigu eins farþeganna, sem taldi rétt að fimmán ára drengur æki bílnum þar sem eigandinn hafði bragðað áfengi. Allir voru í bílbeltum og sluppu án teljandi meiðsla.

Þá handleggsbrotnaði ökuamaður vélhjólss fyrir um kvöldið þegar hann stökk yfir afleggjara að Sauðárkróksbraut, og hafnaði í skurði.

- bj

Maís og hampi sáð á jörðum í Eyjafirði

Í sumar verður hampur og maís ræktaður á Norðurlandi. „Mikilvægt að hægt sé að nota landbúnaðinn í fjölbættara formi heldur en gert hefur verið,“ segir Sveinn Jónsson bóndi sem telur landið okkar bjóða upp á ýmsa möguleika.

LANDBÚNAÐUR Bændur í Eyjafirði ætla að reyna fyrir sér í heldur nýstárlegum landbúnaði í sumar. Tilraunaræktun á hampi hefst á bænum Kálfskinni og á bænum Hríshóli verður gerð tilraun með ræktun maíss.

Sveinn Jónsson, bóndi í Kálfskinni, segir hampræktun síður en svo tengjast alræmdasta afbrigði hamplöntunnar sem notað hefur verið til að rækta vímuefnið kannabis. Það afbrigði sem hann ætli að sá strax og snjóa leysir sé líkt hassplöntunni í útliti en engin vímuefni sé að finna í henni heldur nýttist það vel til ýmiss konar iðnaðar og fódurgerðar.

Öll tilskilin leyfi fyrir ræktuninni hafa fengist og er stefnt að því að sex tegundum hamps verði sáð í lok apríl í Kálfskinni, auk þess á tilraunabúinu Möðruvöllum í Hörgárdal og jafnvel í Svarfaðardal í samvinnu við Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

„Ég er nú orðinn hálfátræður og á ekki að láta svona,“ segir Sveinn þegar hann er spurður út í áætlanir sínar. „Mér þykir bara mikilsvært að menn séu vakandi fyrir þeim möguleikum sem landið okkar býður upp á og mikilvægt að hægt sé að nota landbúnaðinn í fjölbættara formi heldur en gert hefur verið fram að þessu,“ segir Sveinn.

Hann bendir auk þess á að matvæla- og fódurverð fari hækkandi í heiminum og Íslendingum sé mikilvægt að vera eins sjálfum sér nægir og hægt er. „Alls konar óáran á sér nú stundum stað úti í löndum og gott að geta aflað matvælna eins vel og við getum miðað við okkar aðstæður.“

Sveinn hefur þegar stofnað fyrirtækið Hampa-Tech ásamt nokkrum félögum. Tilraunir á hampræktun hafa gefist vel í Evrópu og segir Sveinn að mikil birta yfir sumartímann ætti að henta plöntunni vel auk þess sem jarðvegur héraendis sé talinn heppilegur fyrir hana.

Sigurgeir Hreinsson, bóndi á Hríshóli, stefnir svo á að planta maísfræjum innan skamms.

„Í sumar ætlum við að sjá hversu mikilli uppskeru við getum náð og hvort frekari ræktun sé inni í myndinni,“ segir Sigurgeir um fyrirlætanir sínar.



BÓNDINN Í KÁLFSKINNI Sveinn Jónsson ætlar að reyna fyrir sér í hamprækt í sumar. Hann segir að þó til sé afbrigði sem aðallega er notað í vímuefnið hass séu hans afbrigði alveg laus við vímuefandi efni.

MAÍS Á HRÍSHÓLI Sigurgeir Hreinsson ætlar að prófa að rækta afbrigði af maís sem hefur gefist vel í Kanada.



HAMPUR Stefnt er að því að sex tegundum hamps verði sáð í Kálfskinni í lok þessa mánaðar.

Til er mikill fjöldi afbrigða af maís sem þrífst við ólíkar aðstæður. Það afbrigði sem á að athuga hvort festi almennilega rætur í landi Hríshóls hefur gefið góða raun í Kanada og segir Sigurgeir að ekki sé annað hægt en að vona hið besta.

karen@frettabladid.is



LUNDI Mjög hefur fækkað í lundastofninum á síðustu árum. Aðeins þrjú lélegir árgangar eru nú til staðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í stofninn vantar 70 prósent:

Veidibann á lunda lagt til

NÁTTÚRA Mjög hefur fækkað í lundastofninum á síðustu árum. Þetta kemur fram í skýrslu Náttúrustofnunar Suðurlands en um efni hennar og ástand lundastofnsins við Vestmannaeyjar var rætt á málþingi í Vestmannaeyjum í gær.

Skýrsluhöfundar segja ráðlegt að friða lundann fyrir veiðum í ár eða að öðrum kosti draga verulega úr þeim, helst með hógværu veiðihámarki á hvern veiðimann, til dæmis 50 eða hundrað fuglum á mann.

Í skýrslunni kemur fram að veiðistofn lunda samanstandi nú af þremur árgöngum, og vanti því tvö árganga í stofninn nú í sumar eða um 60 til 70 prósent hans alls.

- kdk

FINNLAND

Þjóðarsorg vegna slyss

Forsætis- og utanríkisráðherrar Finnlands hafa lýst yfir þjóðarsorg í landinu eftir að níu finnskir ferðamenn létust í árekstri á Spáni á laugardag. Rúta með ferðamönnum lenti í árekstri við jeppa. Tuttugu og tveir liggja slasaðir á sjúkrahúsi.

Gott á mánudegi

Úr Fiskborði Noatúns

598 kr. kg.

Fiskibollur Þú sparar 400 kr.

NÓATÚN

www.noatun.is

LETTIR PÉR LÍFIÐ

Yfirvöld í Nepal grípa til ráðstafana til að vernda för Ólympíueldsins á Everest:

Vopnum beitt á mótmælendur

NEPAL, AP Hermenn og lögregla í Nepal hafa fengið þau fyrirmæli að skjóta á alla mótmælendur sem hafa það í huga að stöðva för Ólympíueldsins á topp Everest.

Kínverskir fjallgöngumenn hafa í hyggju að ganga með eldinn á toppinn fyrstu dagana í maí. Á meðan þessi athöfn fer fram er öðrum fjallgöngumönnum bannað að klífa fjallið. Ef til mótmæla kemur munu hermenn og lögregla í fyrstu sækja að mótmælendum og handtaka þá sem ekki fylgja til-mælum þeirra. Ef ekki er farið eftir skipunum þeirra hefur þeim verið gefin heimild til að beita vopnum. Tuttugu og fimm her- og lögreglumenn er nú þegar á staðnum og fleiri eru væntanlegir. Sam-einuðu þjóðirnar og alþjóðalegum mannréttindasamtökum hafa mótmælt þessum fyrirlætanir.

- mmr



MÓTMÆLI Í NEPAL Þrjú þúsund Tíbetar sem búsettir eru í Nepal gengu um götur Katmandu í gær og mótmæltu meðferð á löndum sínum af hálfu Kínverja. Kínverskir fjallgöngumenn hyggjast fara með Ólympíueldinn á topp Everest í næsta mánuði. Yfirvöld í Nepal hafa fengið leyfi til að beita vopnum til að koma í veg fyrir mótmæli.

NORDICPHOTOS/AFP



Viltu eiga einn af þessum farsímum?

Þú borgar 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fyrir farsímamann
og honum fylgir 2.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði
– Þú ert í rauninni ekki að borga neitt fyrir farsímamann!

NOKIA
6120



Útborgun **0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði fylgir!

Sony Ericsson
K660i



Útborgun **0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði fylgir!

SAMSUNG
L760



Útborgun **0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði fylgir!

2000 kr.
notkun á mánuði
í 12 mánuði
fylgir öllum síma-
tilboðum hjá Nova!

Þú getur flutt símanúmerið þitt með þér til Nova!
Tilboðin gilda bæði í áskrift og frelsi.

NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Nova | Verslanir Lág múla, Smáralind og Kringlunni | Þjónustuver 519 1919

www.nova.is

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	75,55 75,91
Sterlingspund	150,75 151,49
Evra	119,66 120,32
Dönsk króna	16,034 16,128
Norsk króna	15,068 15,156
Svænsk króna	12,725 12,799
Japanskt jen	0,7311 0,7353

SDR	123,82	124,56
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
153,6749		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Arnbjörg Sveinsdóttir:

SÝNIR TRAUST LANDSMANNA

„Þetta er eðlileg sveifla á okkar fylgi. Efnahagsumræðan hefur verið mjög þung en þessar niðurstöður sýna að landsmenn treysta okkur í Sjálfstæðisflokknum mjög vel við þessar aðstæður,” segir Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins.

„Sveiflan milli Samfylkingar og Vinstri grænna kemur í sjálfu sér á óvart. Mér finnst ekkert í umræðunni hafa gefið tilefni til þessa nema þá helst umræðan um Evrópumálin.” - þo

Lúðvík Bergvinsson:

GOTT AÐ HALDA KJÖRFYLGINU

„Mér sýnist svona í fljótu bragði að stjórnarflokkarnir báðir gefi aðeins eftir, við reyndar meira en Sjálfstæðisflokkurinn, og það er erfitt að átta sig á því hvaða skýringar liggja þar að baki,” segir Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar.

„Við höldum kjörfylgi sem er gott en vissulega ætlum við okkur að sækja meira. Það vekur athygli hve svarhlutfallið er lágt og það er staðreynd að vinstri flokkarnir eiga yfirleitt meira í atkvæðum óákveðinna.” - þo

Valgerður Sverrisdóttir:

ÞURFUM AÐ TAKA OKKUR Á

„Þetta er grafalvarleg staða fyrir Framsóknarflokkinn og auðvitað vonbrigði. Við verðum að taka okkur á og fara í úttekt á því hvað gera skal,” segir Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins.

„Við erum svo sem ekki óvön því upp á síðkastið að koma illa út úr könnunum en maður hefði vonað að það breyttist í ljósi þess hversu illa ríkisstjórnin hefur staðið sig. Fylgistap Samfylkingarinnar milli kannana vekur athygli og það er ljóst að ríkisstjórnin bætir litlu við sig.” - þo

Fyrsta íslenska meistaramótið í póker haldið í maí:

Spila póker um fimm milljónir

FÓLK Fyrsta íslenska meistaramótið í póker verður haldið í maí. Mótið er auglýst á heimasíðunni pokerhills.com og kemur þar fram að áætluð heildarverðlaun séu fimm milljónir króna. Um netmót er að ræða og þátttakendur sitja því hver og einn við sína tölvu á ákveðnum tíma. Netþjónninn er erlendis.

Þátttökugjald á mótinu er 200 evrur, um 24 þúsund íslenskar krónur, og fyrir það fá menn 5.000 spilapeninga. Hver keppandi getur síðan keypt fleiri spilapeninga í tvígang, fyrir 200 evrur í hvort skipti, og fengið fyrst fimmþúsund og svo átta þúsund spilapeninga. Samanlagt getur því hver og einn eytt 600



FIMM MILLJÓNIR Áætlað er að verðlaunaféð á meistaramótinu í póker nemi fimm milljónum króna.

evrum, eða 72 þúsund krónum, en lágmark er 24 þúsund krónur.

Síðan er spilað þar til einn stendur uppi sem sigurvegari. Á heima-

síðunni er ekki gefið upp hve hár fyrsti vinningur er, aðeins heildarvinningsupphæð, fyrrnefndar fimm milljónir króna. Fyrir mótin verða haldin tvö mót, svokölluð freeroll, og gefur efsta sætið í þeim sæti á lokamótinu.

Óskar Sigurpálsson, varðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segist ekki vita hvort sótt hafi verið um leyfi fyrir mótinu. Hann segir að ólöglegt sé fyrir þriðja aðila að hagnast á fjárhættuspili. Sé raunin sú að menn greiði þátttökugjald sem allt renni í verðlaunafé, og mótshaldarar hagnist ekkert, sé mótið líklega löglegt.

- kóp

Sprenging í heimahúsi:

Hurð þeyttist af hjörunum

BRUNI Húsráðendum í íbúð í fjölbýlishúsi við Heiðarhvammi í Reykjanesbæ varð heldur brugðið á laugardagskvöld þegar sprenging varð á baðherbergi þeirra með þeim afleiðingum að baðherbergishurðin þeyttist af hjörunum.

Logi frá kerti á baðherberginu hafði náð að læsa sig í úðabrúsa sem sprakk með fyrrgreindum afleiðingum.

Lítilsháttar eldur kviknaði og var slökkviliðið kallað á staðinn. Reykræsta þurfti íbúðina en ekki hlaust mikið tjón af. Heimilisfólk- ið sakaði ekki.

- þo

Samfylking tapar en Vinstri græn sækja á

Vinstri græn fengu fjórtán þingmenn, yrði gengið til kosninga nú. Sjálfstæðisflokkur fengi 25, Samfylking sautján, Framsóknarflokkur fjóra og Frjálslyndi flokkurinn þrjá. Framsóknarflokkur hefur tapað mestu fylgi frá kosningum.

SKOÐANAKÖNNUN 38,6 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, yrði gengið til kosninga nú, og myndi flokkurinn samkvæmt því halda þingmanna- fjölda sínum sem er 25 þingmenn. Þetta er tveimur prósentustigum meira en flokkurinn hlaut í síðustu kosningum, en örlítið minna fylgi en Sjálfstæðisflokkurinn mældist með í síðustu könnun Fréttablaðsins 23. febrúar.

Helst fækkar íbúum á höfuðborgarsvæðinu og körlum sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, en í báðum flokkum dregst fylgið saman um tæp þrjú prósentustig.

Vinstri græn sækja í sig veðrið


Fylgi Samfylkingar dregst verulega saman frá síðustu könnun blaðsins, þegar 35,2 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn. Nú er fylgið komið niður í kjörfylgi og segjast 26,8 prósent myndu kjósa flokkinn nú. Samkvæmt því myndi Samfylkingin fá sautján þingmenn, einum færri en hann hefur nú. Frá síðustu könnun blaðsins dregst fylgið saman um tæp þrettán prósentustig á landsbyggðinni og tæp sex prósentustig á höfuðborgarsvæðinu. Þá dregst fylgið saman um tæp tíu prósentustig meðal karla og 6,5 prósentustig meðal kvenna.

Samanlagt fylgi ríkisstjórnarflokka er því 62,0 prósent.

Vinstri græn sækja í sig veðrið, bæði frá síðustu könnun blaðsins, sem og frá kosningum. Nú segjast 20,9 prósent myndu kjósa

FYLGI STJÓRN MÁLAFLOKKANNA

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins



Vinstri græn, og fengi flokkurinn því fjórtán þingmenn. Í síðustu könnun var flokkurinn í kjörfylgi, en í síðustu kosningum hlaut flokkurinn 14,3 prósent atkvæða og níu þingmenn kjörna.

Helst er flokkurinn að bæta við sig fylgi á landsbyggðinni, um níu prósentustig og meðal karla um rúm níu prósentustig.

Framsókn og Frjálslyndir tapa fylgi

Sjö prósent segjast nú myndu kjósa Framsóknarflokkinn, sem er aðeins herra hlutfall en í síðustu könnun. Kjörfylgi flokksins er nú 11,7 prósent og hefur hann sjö þingmenn. Miðað við niður-

stöður könnunarinnar myndu þingmenn Framsóknarflokks verða fjórir.

Þá segjast 5,5 prósent nú myndu kjósa Frjálslynda flokkinn, sem fékk 7,3 prósent atkvæða í síðustu kosningum. Í síðustu könnun sögðust 3,8 prósent myndu kjósa flokkinn. Frjálslyndir myndu því tapa einum þingmanni og fá þrjá kjörna.

Hringt var í 800 manns laugardaginn 19. apríl og skiptust svar- endur jafnt eftir kyni og hlutfalls- lega eftir kjördæmum. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga nú? 55,0 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. svanborg@frettabladid.is

Katrín Jakobsdóttir:

HÖFUM STAÐIÐ OKKUR VEL

„Niðurstöðurnar benda til þess að við höfum staðið okkur vel í umræðunni

að undanfögnu, til dæmis varðandi efnahags- málin. Þar höfum við tekið ákveðið frumkvæði og verið með ýmis útspil,” segir Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri hreyfing- arinnar græns framboðs.

„Svo gæti ég trúað því að þessi fylgisflutningur milli okkar og Samfylkingarinnar tengist umhverfismálunum. Ég trúi ekki öðru en að Samfylkingin hafi misst fylgi þegar í ljós kemur að þau ætla að standa að baki álverum á Bakka og í Helgúvík með tilheyrandi virkjunum,” segir Katrín.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

- þo

Guðjón Arnar Kristjánsson:

NIÐURSTÖÐUR VEKJA FURÐU

„Þessar niðurstöður vekja furðu mína og þá sérstaklega með tilliti til niðurstaðnanna

sem birtar voru í gær. Niðurstöðurnar segja okkur að mikill meirihluti þjóðarinnar vilji að hafinn verði undirbúningur að viðræðum við ESB á sama tíma og fylgi við þann flokk sem hefur hvað mest talað fyrir slíkri aðild fer minnkandi,” segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins.

„Hvað varðar fylgi við okkar flokk tel ég að við séum í raun stödd á kosningafylgi okkar sama hvað kann- arinn segja. Við höfum alltaf komið betur út úr kosningum heldur en skoðanakönnunum.”

- þo



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

HEILBRIGÐ NÝSKÖPUN

Hópur nemenda í heilbrigðisverkfræði við Háskólann í Reykjavík hlaut nýsköpunarverðlaun forseta Íslands árið 2008.

Tökum við umsóknunum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

EINHER VÆTA SYÐST Áfram verður bongóblíða á norðan- og austanverðu landinu og ekki horfur á miklum breytingum þar í bráð. Á hinn bóginn eru heldur meiri líkur á því að dropað geti á vestanverðu Suðurlandi og sumstaðar á Vesturlandi.

Á MORGUN 10-15 allra syðst annars 3-8 m/s

MÍÐVIKUDAGUR 5-10 m/s

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	11°
Billund	13°
Ósló	9°
Stokkhólmur	9°
Gautaborg	14°
London	16°
Paris	15°
Frankfurt	15°
Friedrichshafen	13°
Berlín	16°
Alicante	21°
Mallorca	21°
Basel	13°
Eindhoven	17°
Las Palmas	22°
New York	16°
Orlando	28°
San Francisco	11°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Höfum trú á Framtíðina

Það þarf ekki kraftaverk

Við breytum 5.000 kr. í 7.000 kr.

Fátt er mikilvægara en að tryggja æsku landsins örugga og bjarta framtíð. Ef þú gefur fermingarbarni 5.000 kr. gjafabréf í **Framtíðarsjóð** bætir Sparisjóðurinn **2.000 kr.** við gjöfina. Við höfum trú á framtíðinni.

Líttu við á spar.is og kynntu þér kosti **Framtíðarsjóðsins**

- Há raunávöxtun
- Verðtryggður reikningur
- Hægt að semja um reglubundinn sparnað
- Hægt að leggja inn hvenær sem er

 **SPARISJÓÐURINN**
spar.is

KJÖRKASSINN



Stjórn þú framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna?

Já	33,8%
Nei	66,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Hefur þú gengist undir aðgerð á Landspítalanum?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, um ESB-aðild:

Stjórnarskránni ætti að breyta

STJÓRN MÁL Mikilvægt er að halda áfram að ræða Evrópumálin, og umhugsunarefni hvort ekki eigi að gera nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá vegna mögulegrar aðildar að Evrópusambandinu (ESB) fyrir lok kjörtímabilsins.

Þetta sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, í Silfri Egils í Sjónvarpinu í gær. Hún sagði um tæknilegt atriði að ræða sem ríkisstjórnin ætti að skoða.

Einnig væri skynsamlegt að mati Þorgerðar Katrínar að vinna að því að Ísland uppfylli skilyrði til þess að taka upp evruna.

Breyta þyrfti stjórnarskránni ef til ESB-aðildar ætti að koma. Slíkar breytingar þarf að samþykka á tveimur þingum með þingrofi og almennum kosningum á milli.

Verði kosið um breytingarnar fyrir lok þessa kjörtímabils opnar það möguleika á því að sú ríkisstjórn sem fara mun með völd að loknum næstu kosningum geti sótt um ESB-aðild.

Þorgerður Katrín tók fram að sjálf væri hún afar mikið á móti aðild að ESB, en persónulegar skoðanir megi ekki stöðva umræðuna. Íslendingar þurfi að taka afstöðu til ESB-aðildar fyrir en síðar. Þó sé ljóst að það verði ekki



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR Varaformaður Sjálfstæðisflokksins segir skynsamlegt að vinna að því að Ísland uppfylli skilyrði fyrir upptöku evru. gert í tíð núverandi ríkisstjórnar, sem hafi útilokað aðildarumsókn á kjörtímabilinu. - bj

Tillaga á Tyrklandspingi:

Ræða rýmkun tjáningarfrelsis

TYRKLAND, AP Tekin var til umræðu á Tyrklandspingi á föstudag tillaga ríkisstjórnarinnar um að milda umdeild lög sem takmarka tjáningarfrelsi og beitt hefur verið til að lögþykja menntamenn.

Gert er ráð fyrir að í næstu viku verði greidd atkvæði á þinginu um breytingartillögu við 301. grein tyrknesku refsilöggjafarinnar. Samkvæmt þeirri grein varðar það allt að þriggja ára fangelsi að gerast sekur um að móðga tyrkneskt þjóðerni eða stofnanir ríkisins. Lögin eru meðal þess sem þeir sem vinna að því að Tyrkland fái aðild að Evrópusambandinu hafa talið brýnast að breyta. - aa

Brotunum fækkar en kærunum fjölgar

Lögreglan skráði um 9.400 hegningarlögabrot á síðasta ári, en um 14.300 árið 2001. Kærum hefur þrátt fyrir það fjölgað úr 5.200 í 6.800. Útlendingar eru um fjögur prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu, en fremja sautján prósent brota.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu skráði um 9.400 hegningarlögabrot á síðasta ári. Þetta er veruleg fækkun frá 2001, þegar skráð voru um 14.300 brot.

Þetta segir Rannveig Þórisdóttir, deildarstjóri upplýsinga- og áætlanadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hún fjallaði um brot Íslendinga og útlendinga á ráðstefnu á vegum Bláamannafélags Íslands, Alþjóðahúss, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og fleiri síðastliðinn föstudag.

Rannveig segir að þrátt fyrir um þriðjungs samdrátt í skráðum brotum hafi lögreglan kært fleiri einstaklinga vegna brotanna en áður.

Í fyrra var kært vegna 6.800 hegningarlögabrota á höfuðborgarsvæðinu, en kært var í um 5.200 af þeim málum sem upp komu árið 2001.

Það þýðir að í fyrra kærði lögregla í um 72 prósentum mála sem skráð voru hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Árið 2001 var kært í um 36 prósentum tilvika.

Rannveig setur ýmsa fyrirvara við tölurnar. Hér sé augljóslega aðeins rætt um mál sem lögreglan viti af, ekki sé hægt að fullyrða beint um fjölda framminna afbrota byggt á því. Þá hafi nýtt tölvakerfi verið tekið í gagnid hjá lögreglunni árið 2005, sem geti haft áhrif á skráningar. brjann@frettabladid.is



HANDTEKINN Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu kærði 6.800 hegningarlögabrot í fyrra. Um 9.400 hegningarlögabrot komu til kasta lögreglunnar það ár. FRÉTTABLAÐIÐ/KARL

HEGNINGARLAGABROT Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU 2007

Kærðir einstaklingar vegna hegningarlögabrota



Íbúar höfuðborgarsvæðisins



HEIMILD: LÖGREGLAN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

ÚTLENDINGAR Í 17 PRÓSENTUM BROTA

Á síðustu árum hefur orðið veruleg fjölgun á hegningarlögabrotum erlendra ríkisborgara sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur afskipti af. Árið 2005 voru grunaðir í um fimm prósentum tilvika útlendingar, en árið 2007 hafði hlutfallið hækkað í 17 prósent.

Á sama tíma fjölgaði útlendingum hér á landi, og voru samkvæmt tölum Hagstofu Íslands um fjögur prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins árið 2007.

Rannveig Þórisdóttir, deildarstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir að þar geti aldursamsetning brotamanna skipt verulegu máli. Margir erlendir ríkisborgarar sem flytjast hingað til lands séu ungir karlmenn, og ungir karlmenn komi oft við sögu í hegningarlögabrotum.

Hún segir samsetningu hegningarlögabrota afar svipaða, hvort sem um Íslendinga eða erlendra ríkisborgara sé að ræða. Um 52 prósent brota útlendinga séu auðg-unarbrott, en hlutfallið sé rétt undir 50 prósentum hjá Íslendingum. Fjárvikamál séu svo algengari hjá Íslendingum.

-2kr.



Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS flugfelag.is

Ferðalag er góð fermingargjöf



Pantaðu gjafabréf í síma 570 3030

Hvernig hringi ég til Ástralíu?

Já er svarið

118 ja.is Símaskráin

Verulega hefur dregið úr nýskráningu ökutækja upp á síðkastið:

Hægist á sölu nýrra bíla

BÍLAMÁL Verulega hefur dregið úr aukningu nýskráðra ökutækja á síðustu vikum, samkvæmt nýjum tölum frá Umferðarstofu.

6.955 ökutæki hafa verið nýskráð fyrstu 102 daga þessa árs, en eftir jafn marga skráningardaga á síðasta ári höfðu verið nýskráð 5.999 ökutæki. Þetta jafngildir 15,9 prósentu hækking milli ára. Hins vegar kemur í ljós að fyrstu 53 daga þessa árs hafði nýskráðum ökutækjum fjölgað um 46,8 prósent miðað við sama tímabil í fyrra, og því ljóst að verulega hefur dregið úr aukningunni upp á síðkastið.

Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, telur skýringarinnar á samdrættinum að leita í mikilli umræðu um bága stöðu efnahagsins. „Aðdragandinn er mun lengri að bílakaupum en flestu öðru og því verður svona samdráttur oft seinna í þeim geira en öðrum.“

Að sögn Egils Jóhannssonar forstjóra Brimborgar, er ekki að sjá að samdrátturinn komi verr niður á ákveðnum tegundum og stærðum af bílum en öðrum. „Við sjáum engin afgerandi merki um mun milli tegunda eins og er en ég tel ekki



SAMDRÁTTUR Dregið hefur úr aukningu á nýskráðum bílum síðustu vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ólíklegt að við munum fljótlega verða varir við þá tilhneigingu að stærri og dýrari bílar seljist minna en aðrir.“ - kg

N1

SENDU VETRARDEKKIN Á DEKKJAHÓTEL Í SUMAR!

VIÐ GEYMUM DEKKIN FYRIR ÞIG
SVO ÞÚ ÞURFIR EKKI AÐ GEYMA ÞAU!



N1 HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA SÍMI 440 1000

Fellsmúla 24, Réttarhálsi 2, Ægisíðu 102,
Reykjavíkurvegi 56, Langatanga 1a Mosfellsbæ,
Dalbraut 14 Akranesi, Vesturbraut 552 Keflavík

WWW.N1.IS

Núna getur þú skilið vetrardekkinn eftir þegar þú skiptir um dekk hjá N1. Við geymum þau fyrir þig í sumar gegn vægu gjaldi og næst þegar þú þarft að skipta bíða dekkinn eftir þér, tilbúin fyrir veturinn.

N1 - Meira í leiðinni

VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað útskrifuðust margir úr Lögregluskólanum síðasta föstudag?

2 Hvaða tvö lið sigruðu í seinni leikjunum í átta liða úrslitum Lengjubikars karla?

3 Hvaða tónleikastað á að færa neðanjarðar?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Eigandi Quiznos Sub segir að nú sé hagstæð tíð til að byggja hótél í Reykjavík:

Ódýrt hótél með 120 herbergjum

FERDAIÐNADUR Hjörtur Aðalsteins-son, eigandi Quiznos Sub-skyndi-bitastaðanna, hefur sótt um lóð til að byggja nýja tegund af hóteli í Reykjavík.

Ætlun Hjartar er að reisa hótél með á bilinu 80 til 120 herbergjum þar sem yrði minni þjónusta og lægra verð en á hefðbundnum hótélum. Þetta kemur fram í lóða-umsókninni sem Hjörtur sendi Ólafi F. Magnússyni borgarstjóra og Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni, formanni borgarráðs. Hótelið á að tengjast Accor-hótelkeðjunni.

„Lágt verð þessara hótela byggir á litlum og fábrotnum herbergjum, bókunum á interneti eða með



HJÖRTUR AÐALSTEINSSON Eigandi Quiznos Sub vill byggja lágverðshótél. Hér gefur hann faglunum á Reykjavíkurtjörn afgangsbraud.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

beinni greiðslu í anddyri hótels,“ útskýrir Hjörtur í umsókn sinni.

Að sögn Hjartar er hugmyndin sú að hótelið verði á þremur hæðum og byggt í tveimur eða þremur áföngum. Margar staðsetningar komi til greina. Til dæmis við nýja samgöngumiðstöð í Vatnsmýri, við Vesturlandsveg, eða á nýju svæði í Suður-Mjódd.

„Tímasetning framkvæmda nú er hagstæð vegna lægðar í bygg-ingariðnaði og gengi krónu myndi einnig hjálpa til,“ bendir Hjörtur á í umsókn sinni sem tekin var fyrir í borgarráði í gær. Þar var ákveðið að vísa málinu til skoðunar hjá skipulags- og byggingar-sviði og framkvæmda- og eignasviði.

-gar

Íbúar í Hvalfjarðarsveit:

Vilja bættu net-tengingu

HVALFIJARÐARSVEIT Um 40 manns höfðu skráð sig í áhugahóp um bættu nettengingu í Hvalfjarðarsveit um miðjan dag í gær og aðstandendur gera sér vonir um að í lok helgar verði meirihluti heimila í sveitarfélaginu orðinn meðlimur í hópnum.

Hvalfirðingar búa við þráð-lausa nettengingu frá eMax sem hefur reynt afar misjafnlega, að sögn Sævars Finnþogasonar, íbúa í sveitarfélaginu. „Nettengingar skipta miklu í atvinnumálum, menntamálum, afþreyingu og geta skipt sköpum í því hvort fólk flytur til eða frá sveitarfélögum,“ segir Sævar.

-kg

Aðgerðir gegn friðþjófum:
Skylda að stilla símann á þögn

AUSTURRÍKI, AP Evrópa býr yfir þétriðnasta fjarskiptakerfi heims en þjóðir álfunnar eru smátt og smátt að fá nóg af „friðþjófinum“, farsímanum.



FARSÍMABANN

Í annarri stærstu borg Austurríkis, Graz, hafa borgaryfirvöld nú ákveðið að skikka notendur almenningssamgangna til að hafa farsíma sína stillta á þögn. Áður hafði franska ríkisjárnbrautafélagið SNCF tekið upp „farsímafri“ svæði í hraðlestum fyrirtækisins.

Borgarstjóri Graz, Siegfried Nagl, kveðst staðráðinn í að sjá til þess að grenndarlestafarþegar geti ferðast í friði fyrir taugapirrandi hringitönnum og truflandi farsíma-kjaftagangi.

-aa

LÖGREGLUFRETTIR

Slösuðust þegar vélhjól valt

Ökumaður missti stjórna á bifhjól sínu í Naustagili á Húsavík í gær með þeim afleiðingum að hjólið valt. Ökumaðurinn og farþegi hans skulu í götuna og voru fluttir á sjúkrahús til aðhlynningar. Þeir reyndust ekki alvarlega slasaðir.

Eldur í bifreið á ferð

Eldur kom upp í bifreið í Breiðholti snemma í gærmorgun. Bifreiðin var á ferð þegar eldsins varð vart en ökumanni og farþegum tókst að koma sér út og hringja á hjálp. Greiðlega gekk að slökkva eldinn.

VIÐSKIPTI

Nota merki Rio Tinto Alcan

Alcan á Íslandi hf., sem rekur álverði í Straumsvík, mun framvegis starfa undir merkjum Rio Tinto Alcan. Rio Tinto er alþjóðlegt leiðandi námafélög sem keypti Alcan Inc., móðurfélag Alcan á Íslandi, seint á síðasta ári.

Fleiri drengir þiggja greiðslu fyrir mök

Þörf er á átaki til að hjálpa drengjum sem hafa verið misnotaðir eða stunda vændi, segir fyrrverandi þingmaður Samfylkingar. Samkvæmt könnun hafa tæp fjögur prósent framhaldsskóladrengja þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök.


SAMFÉLAGSMÁL „Það er veruleg þörf á því að opna umræðu um drengi sem verða fyrir misnotkun og eins um drengjavændi,“ segir Guðrún Ögmundsdóttir, fyrrverandi þingmaður Samfylkingar. „Drengir hafa orðið út undan og rannsóknir sýna að þeir verða engu síður fyrir misnotkun og stunda vændi rétt eins og stúlkur.“

Í könnun sem Rannsóknir og greining gerði árið 2004 kom fram að 3,7 prósent drengja í framhaldsskólum hefðu þegið greiðslu eða greiða fyrir kynmök. Hlutfall stúlkna var hins vegar 1,7 prósent. Ólöf Ásta Far-estveit, forstöðumaður Barnahúss, segir enga ástæðu til að ætla að dregið hafi úr þessu síðan 2004.

Guðrún segir að drengir hafi orðið út undan í umræðunni um kynferðislega misnotkun og vændi en þeir hafi jafnvel meiri þörf fyrir umræðuna þar sem þeir séu síður líklegir til að láta vita ef á þeim er brotið. „Nú er þörf á átaki, rétt eins og við gerðum með vændisskýrslunni. Það myndi hjálpa þeim að koma fram svo sé hægt að vinna í þessum málum,“ segir hún. „Ég reyndi að opna þessa umræðu en mér var hreinlega ekki trúnað.“

„Það er ástæða til að álykta að hlutfall sem þegið hafi greiðslu eða greiða fyrir kynmök sé mun hærra hjá þeim unglíngum sem ekki eru í skóla,“ segir Þóroldur Þórlindsson, forstjóri Lýðheilsustöðvar.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri



MIÐBORGIN Guðrún Ögmundsdóttir telur mikla þörf á að umræða um drengi sem verða fyrir misnotkun eða leiðast út í vændi fari fram.

MYNDIN ER ÚR SAFNI OG TENGIST EFNIR FRÉTTARINNAR EKKI

Barnaverndarstofu, segir að ekki megi draga þær ályktanir af rannsókninni að drengirnir séu að stunda vændi. „Þarna eru líklegast að mælast tilfelli frekar en að verið sé að stunda vændi,“ segir hann. „Þarna er til dæmis um að ræða samkynhneigða menn sem gefa drengjum eitt-hvað fyrir kynferðislegar athafnir og eins það að einhverjir láta eitthvað kynferðislegt yfir sig ganga til að fá eitthvað sem þeir gírnast, hvort sem það er áfengi, fíkniefni eða peningar.“

Björgvin Björgvinsson, yfir- maður kynferðisbrotadeildar lög-

„Drengir hafa orðið út undan og rannsóknir sýna að þeir verða engu síður fyrir misnotkun eða stunda vændi eins og stúlkur.“

GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR
FYRRUR ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGAR

reglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að þar fái þeir alltaf öðru hvoru á borð til sín mál þar sem unglíngar hafi þegið greiðslu fyrir kynmök, og slík mál séu venjulega tengd vímuefnaneyslu.

jse@frettabladid.is

Vissir þú að ...

Ljósmaður starfa á eigin ábyrgð í meðgönguvernd, við fæðingar og sængurlegu.

Fjöldi heimafæðinga hefur aukist um 30% milli síðustu tveggja ára.

Skipulagt ljósmaðranám á Íslandi hófst árið 1761.

Ljósmaður vinna allan sólarhringinn, alla daga vikunnar, allan ársins hring.

Við tökum vel á móti þér

www.ljosmodir.is



Segir árásir á öryggisverði kalla á endurskoðun laga sem öryggisverðir starfa eftir:

Vill auka kröfur til öryggis- varða vegna aukins ofbeldis

ÖRYGGISMÁL Nauðsynlegt er að auka kröfur til þeirra sem starfa sem öryggisverðir áður en fjallað er um auknar heimildir þeirra til að bera varnarbúnað, að sögn Ómars Arnar Jónssonar, markaðsstjóra Öryggismiðstöðvarinnar.

Ómar segir svo virðast sem ofbeldi sé að vaxa í samfélaginu, eins og árásir á öryggisverði beri með sér. Rétt sé að skoða hvað gert hafi verið í nágrennalöndum okkar, svo sem í Danmörku, í þeim efnum. Þar hafi öryggis- verðir mun ríkari heimildir enda hafi aðstæður kallað á slík viðbrögð. „Til að öðlast starfsleyfi sem öryggisvörður þar í landi þarf að sækja sérstök námskeið

fyrir öryggisverði og standast próf sem er viðurkennt af opinberum aðilum,“ útskýrir Ómar en bendir á að hingað til hafi aðstæður í íslensku samfélagi ekki kallað á miklar kröfur til öryggis- varða. „Svo virðist sem aðstæður séu að breystast til hins verra og ef umhverfið kallar á auknar heimildir öryggisvarða til að bera varnarbúnað er grunnforsenda fyrir þeirri umræðu að löggjöfin um öryggisverði verði endurskoðuð og auknar kröfur gerðar til þeirra sem við þetta starfa,“ segir hann en bætir við að sam- hliða endurskoðun lagaákvæða þurfi að auka enn frekar samráð öryggisfyrirtækja og lögreglu.

-kdk



ÓMAR ÖRN JÓNSSON Markaðsstjóri Öryggismiðstöðvarinnar segir að áður en rætt verði um auknar heimildir öryggisvarða til að bera varnarbúnað þurfi að auka kröfur til þeirra sem starfi sem öryggisverðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

VORIÐ ER TÍMINN FYRIR **PAJERO**

Pajero er verðlaunajepinn sem hefur unnið Dakar ralið sex sinnum í röð og nýtur sín alveg jafn vel við íslenskar aðstæður. Við eigum gott úrval nýlegra notaðra Pajero jeppa sem bíða bara eftir að komast út í vorið. **Þeir eru allir 7 manna og dráttarbeisli fylgir þeim öllum.** Verðið er hagstætt, komdu í heimsókn og láttu okkur koma þér á óvart.

Skoðaðu söluskrána á www.bilathing.is eða komdu til okkar á Klettháls, Laugaveg eða til umboðsmanna um land allt og finndu Pajero jeppa sem gleður þig í sumar.

Verð frá: **3.550.000,-**
og allt að: 5.650.000,-



Opið 10-18 virka daga og 12-16 laugardaga

Laugavegi 174
Kletthálsi 11

sími 590 5040
sími 590 5040

www.bilathing.is
bilathing@bilathing.is

BÍLATHING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum



LE MONDE LAMAD Bládamenn og annað starfsfólk franska dagblaðsins Le Monde mótmæla uppsögnum 130 kollega á tröppum ritstjórnarbyggingarinnar í París. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tónleikar til styrktar hljóðfærakaupum fyrir börn í flóttamannabúðum í Palestínu:

Kaupa hljóðfæri fyrir börnin

TÓNLEIKAR Tónleikar til fjármögnunar á hljóðfærakaupum fyrir börn í Balata flóttamannabúðunum í útjaðri Nablus í Palestínu verða haldnir í Neskirkju sumardaginn fyrsta. Á tónleikunum munu Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari, Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Arngunnur Árnadóttir klarinettleikari koma fram.

„Þetta kom til vegna þess að ég fór til Palestínu um jólin og heim sótti meðal annars þessar flóttamannabúðir sem eru einar þær stærstu á svæðinu,“ segir Þorbjörg Sveinsdóttir, forsvarsmáður tónleikanna. Hún segir mann í sjálfboðavinnu kenna börnum að



BÖRN Í BALATA Í ÚTJAÐRI NABLUS Balata eru stærstu flóttamannabúðirnar á Vesturbakkanum. MYND/ÞORBJÖRG spila á hljóðfæri í æskuljóðsmiðstöð sem rekin er í flóttamannabúðunum. Kennst sé á eitt rafmagnsorgel og tvær fiðlur. „Svo

mér datt í hug að halda tónleika til að kaupa hljóðfæri handa þeim.“

Þá vonast Þorbjörg einnig til að geta styrkt barnaskóla á svæðinu.

Tónleikarnir verða á fimmtudaginn í Neskirkju og hefjast þeir klukkan 20. Aðgangseyrir að tónleikunum er 1.500 krónur en allur ágóði rennur til söfnunarinnar. Þá gefa allir þeir sem að tónleikunum koma vinnu sína auk þess sem Neskirkja gefur afnot af kirkjunni. „Ef fólk vill styrkja þetta frekar er hægt að leggja inn á reikning 0311-13-700826, kennitala 280484-3429, en takmarkið er að fylla kirkjuna,“ segir Þorbjörg.

- ovd

Utanríkisráðherra á ferð:

Rice hitti ráðamenn í Bagdad

BAGDAD, AP Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kom í óvænta heimsókn til Bagdad, höfuðborgar Íraks, í gær.

Rice vildi með heimsókn sinni veita ædstu ráðamönnum í Írak stuðning vegna árása og deilna ýmissa trúarhópa.

Rice hitti íraska forsætisráðherrann, Nouri al-Maliki, ásamt fleiri ráðamönnum og var meðal annars rætt um árásina í Basra og ástand mála í öðrum borgum.

Batnandi ástand í öryggismálum landsins bar einnig á góma og að biðlað yrði til nágrannaríkja um aukinn stuðning.

- mmm

Vilhjálmur prins æfir flug: Lenti herþyrlu hjá unnustunni

LONDON, AP Vilhjálmur prins gerði sér lítið fyrir og lenti herþyrlu í garði unnustu sinnar. Þetta staðfesti breska varnarmálaráðuneytið í gær og sagði að um æfingu hefði verið að ræða.



VILHJÁLmur PRINS

Að sögn ráðuneytisins fólst flugæfing prinsins meðal annars í því að æfa landingu utan hefðbundinna landingarsvæða. Slíkar æfingar séu afar gagnlegar. Þyrlan lenti í tuttugu sekúndur og enginn fór um borð eða frá borði.

Vilhjálmur hlaut á dögunum útskriftarorðu breska flughersins eftir fjögurra mánaða flugæfingar.

- mmm

Formaður mannanafnanefndar um óalgeng nöfn:

Mannanafnanefndin segir foreldrum ekki til

SAMFÉLAGSMÁL „Það er ekki okkar verk að hafa vit fyrir foreldrum sem láta skíra eða nefna börn sín eða fullorönu fólk sem vill breyta nafni sínu,“ segir Kolbrún Lind Ísleifsdóttir, formaður mannanafnanefndar, aðspurð um nöfnin Ljósálfur, Bambi, Hraunur og Hlökkundur sem öll eru á mannanafnaskrá.

„Reglurnar kveða á um að nafnið megi ekki brjóta í bága við íslenskt málkerfi og ritvenjur. Eins má aðeins gefa stúlkum kvenmannsnöfn og drengjum karlmannsnöfn. Reyndar er einnig sleginn varnagli og okkur gefin heimild til að banna nöfn ef líklegt er að það verði barni til ama. En þá erum við komin inn á smekks-

atriði, því sitt sýnist hverjum í þeim efnum, svo við beitum því ekki mikið.“

Hún segir að mikið hafi dregið úr beiðnum um heimild fyrir nýjum nöfnum eftir að vinnulagi var breytt með þeim hætti að nú séu slíkar beiðnir ekki afgreiddar nema útséð sé að einhver muni bera nafnið. „Slík erindi koma nú frá Þjóðskrá og til okkar.“ Einnig er nú tekið gjald fyrir beiðni til mannanafnanefndar um að setja nýtt nafn á mannanafnaskrá og nemur það tvö þúsund krónum.

Hún segir að um hundrað erindi berist nefndinni árlega þar sem óskað er eftir nýju nafni á nafnaskrá.

- jse



PLANIÐ SPÚLAÐ Búnaður til mengunarvarna hefur legið við hús Lýsis í hálf tölvað ár þar sem leyfi fyrir uppsetningu hefur ekki fengist. MYND/GKS

Þrátefli um mengunarvarnabúnað

Lögmaður Lýsis sakar bæjarstjórn Ölfuss um að vilja hrekja fiskþurrkunarverksmiðju fyrirtækisins frá Þorlákshöfn. Bæjarstjórinn segir fyrirtækið kjósa að fara með málið í lögfræðilegt þrátefli.

UMHVERFISMÁL „Ef það væri einhver minnsti vilji hjá bæjarstjórninni fyrir því að við fengjum að setja upp þennan mengunarvarnabúnað þá væru þessir turnar löngu komnir upp,“ segir Sigurbjörn Magnússon, lögmaður Lýsis.

Í eitt og hálf tölvað ár hefur mengunarvarnabúnaður fyrir fiskþurrkunarverksmiðju Lýsis í Þorlákshöfn legið við hús fyrirtækisins þar sem leyfi hefur ekki fengist til uppsetningar.

Í tilkynningu frá Ólafi Áka Ragnarssyni, bæjarstjóra í Ölfusi, segir að Lýsi hafi verið bent á að til þess að geta tekið erindið til efnislegrar afgreiðslu þurfi að leggja fyrir deiliskipulag af svæðinu. Þar var fyrirtækinu bent á heimild þess til að leggja fram tilöggu að deiliskipulagi. Í stað þess kærði Lýsi hf. afgreiðslu bæjaryfirvalda til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála þar sem málið biður efnismeðferðar.

„Það er ekkert í skipulagslögum um að svo háir turnar þurfi að fara í deiliskipulag,“ segir Sigurbjörn, sem telur eðlilegt að veita byggingarleyfi á grundvelli aðalskipulags. „Bæjarstjórinn verður að átta sig á því hvort hann vill fara að óskum íbúanna um að draga úr þessari lyktarmengun eða ekki.“

Í tilkynningu Ólafs Áka segir að það sé alrangt að Lýsi hafi ekki fengið leyfi til uppsetningar á mengunarvarnabúnaði. Hið rétta sé að Lýsi hafi kosið að fara með málið í lögfræðilegt þrátefli í stað þess að vinna af heilindum með

„Bæjarstjórinn verður að átta sig á því hvort hann vill fara að óskum íbúanna um að draga úr þessari lyktarmengun eða ekki.“

SIGURBJÖRN MAGNÚSSON
LÖGMAÐUR LÝSIS

bæjaryfirvöldum í Ölfusi til að leysa langvarandi lyktarmengun frá fyrirtækinu sem staðið hafi eðlilegri uppbyggingu í Þorlákshöfn fyrir þrifum og valdið íbúum ómældum óþægindum og skaða.

Á mánudag barst Guðmundi Oddgeirssyni, talsmanni íbúa Þorlákshafnar sem mótmælt hafa starfsemi verksmiðjunnar, bréf frá lögmanni Lýsis þar sem farið er fram á að hann dragi ummæli sín um Lýsi til baka og biðjist afsóknar. Hefur Guðmundur ákveðið að standa við ummælin. „Geri þeir úr því að stefna mér þá ætla ég að verja minn málstað,“ segir Guðmundur sem væntir þess að lögfræðingur hans svari bréfinu fljótleiga. „Ég er að verja góðan málstað og læt ekkert hótá mér í því sambandi. Ég stend við það sem ég hef sagt.“

Guðmundur segist finna fyrir miklum stuðningi. „Við erum að vinna í því að fá afhent gögn um heimsóknir og niðurstöður úr könnunum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og samskipti þess við Lýsi.“

olav@frettabladid.is



MEISTARANÁM Í VIÐSKIPTAÐEILD

Meistaránám við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík er fjölbreytt og krefjandi nám sem getur opnað þér dyr að margvíslegum starfstækiferum.

MSc í alþjóðaviðskiptum

Námið byggir bæði á fræðilegum grunni og hagnýtri þekkingu á alþjóðaviðskiptum og fer kennsla fram á ensku. Uppbygging námsins miðar við reynslu margra bestu háskóla heims. Allir nemendur dvelja erlendis eina önn.

MSc í fjármálum

Námið er sérniðið að þörfum fjármálafyrirtækja og framsækinnar alþjóðlegra fyrirtækja. Hægt er að sérhæfa sig í fjárfestingarstjórnun eða fjármálum fyrirtækja.

MSc í reikningshaldi og endurskoðun

Námið er ætlað þeim sem vilja verða löggiltir endurskoðendur, eða hafa áhuga á að starfa sem sérfræðingar eða stjórnendur á sviði reikningshalds í fyrirtækjum. Útskrifaðir nemendur eru eftirsóttir til ýmissa stjórnunarstarfa í atvinnulífinu, einkum hjá stórfyrirtækjum í alþjóðlegri starfsemi.

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER
HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Innflutningur búvara:

Tilslökun ógnar landsbyggðinni

BORGARBYGGÐ „Sveitarstjórn Borgarbyggðar lýsir áhyggjum vegna yfirlýsinga einstakra ráðherra um innflutning landbúnaðarafurða,“ segir í ályktun sveitarstjórnar Borgarbyggðar sem telur hvers konar tilslakanir koma verst niður á atvinnulífi á landsbyggðinni. Mikilvægt sé að stærri ákvarðanir séu teknar með tilliti til atvinnulífs, matvælaöryggis, byggðaðróunar og stöðu alþjóðlegra matvælamarkaða.

Jafnframt skapi innflutningur á hráu kjöti hættu á búfjársláttum sem valdið hafi evrópskum landbúnaði miklum búsifjum.

- gar

Íbúar í nágrenni Höfðatorgs búnir undir yfirvofandi sprengingar vegna háhýsa:

Húsin ljósmynduð fyrir sprengingar

FRAMKVÆMDIR Íbúar í Túnunum hafa fengið tilkynningu um að húsin þeirra verði ljósmynduð og ástandsskoðuð áður en sprengt verði í grunnni háhýsa við Höfðatorg.

„Það er best fyrir alla að það sé búið að skoða húsin og taka þau út eins og hægt er,“ segir Eysteinn J. Dofrason hjá Suðurverki sem annast mun jarðvinnuna. Það er hins vegar Eykt sem byggir háhýsin.

Eysteinn segir að borin hafi verið út bréf í um eitt hundrað hús sem standi næst svæðinu þar sem sprengja þurfi fyrir grunnni. Til þess að koma í veg fyrir ágreining síðar meir þurfi að kortleggja þær

sprungur sem fyrir séu ef svo illa fari að nýjar sprungur myndist við sprengingarnar. Hann segir að starfsmenn Suðurverks muni enn fremur koma upp titringsmælum á völdum stöðum umhverfis sprengjussvæðið. „Við þurfum að geta sýnt fram á að við höfum ekki notað of stórar hleðslur og farið upp fyrir þau mörk sem sett eru.“

Að sögn Eysteins hafa fjölmargir húseigendur í nágrenninu þegar sett sig í samband við hann. „Fólk er forvitið um þetta. Sumir vilja fylgjast með þegar húsin þeirra eru tekin út og það er hið besta mál því þá geta allir verið með hreint borð.“

- gar



HÖFÐATORG Mikil sprengivinna er fram undan við háhýsi á Höfðatorgi.

Umhverfisvænar jarðarfarir:

Líkkistur úr pappa vinsælar

LONDON, AP Umhverfisvænar jarðarfarir hafa verið að sækja í sig veðrið í Bandaríkjunum að undanförunu. Hingað til hafa þær aðallega átt upp á pallborðið í Bretlandi þar sem áralöng hefð er fyrir þeim.


Við slíkar jarðarfarir er líkkistan gerð úr pappa sem er jafnþykkur og í trékistum, auk þess sem fót hinna látnu eru saumuð úr náttúrulegum trefjafnum. Grafreitirinn er jafnframt hafður úti í ótaminni náttúrunni til að jarðvegurinn verði fyrir sem minnstu raski. - fb



4 vikna
vornámskeið
hefst 26. apríl

Upplagt til kynningar
fyrir byrjendur.

Innritun og upplýsingar
í síma 561 5620.
www.schballett.is



BALLETTSKÓLI
Eddu Scheving

Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara

Háskólinn á Akureyri

Nemendum Háskólans á Akureyri býðst tækifæri til að taka hluta af námi sínu við erlenda samstarfsháskóla.

- Finnland
- Danmörk
- Noregur
- Svíþjóð
- Færeyjar
- Þýskaland
- Austurríki
- Belgía
- England
- Ítalía
- Lettland
- Bandaríkin
- Kanada
- Rússland
- Kína
- Pólland

”

Vorið 2007 ákvað ég að gerast skiptinemi. Ég fékk góða aðstoð frá alþjóðafulltrúa háskólans og stefnan var tekin á North Park háskólann í Chicago.

Ingibjörg Ýr Óskarsdóttir,
hjúkrunarfræðinemi



María Aldís Sverrisdóttir,
nemi í leikskólakennarafræði
Fór í vettvangsnám til Finnlands



Hjörtur Ágústsson,
nemi í nútímafræði
Fór í skiptinám til Indlands



Sara Halldórsdóttir,
nemi í lögfræði og viðskiptafræði
Fór í skiptinám til Kína



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Kynntu þér nám við Háskólann á Akureyri
á www.haskolanam.is.

Nilfisk

Réttu tækin í þriffin

- háþrýstidælur, ryk- og vatnssuger frá 8.888 kr.

20% afsláttur




Nilfisk P160 1-15 B X-tra
Dæluprýstingur: 160 bör
Vatnsmagn: 650 l/klst.

Nilfisk E140 2-9 X-tra
Dæluprýstingur: 140 bör
Vatnsmagn: 500 l/klst.

Nilfisk C120 2-6
Dæluprýstingur: 120 bör
Vatnsmagn: 520 l/klst.



Nilfisk Buddy 18
ryk- og vatnssuga
Lofflæði: 3600 l/mín.
Mótor: 1300W
15 l tankur

Nilfisk C100 4-5
Dæluprýstingur: 100 bör
Vatnsmagn: 320 l/klst.

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



John Prescott átti í erfiðum veikindum um árabíl: Barðist við lotugræðgi

LONDON, AP John Prescott, fyrrverandi aðstoðarforsætisráðherra Bretlands og lykilmaður í Verkamannaflokknum, segist hafa þjáðst af lotugræðgi um árabíl. Prescott hefur ekki áður talað opinberlega um hvernig sjúkdómurinn lék hann. Hann skammaðist sín fyrir að vera með lotugræðgi þar sem sjúkdómurinn herjaði einkum á konur.



JOHN PRESCOTT

„Ég var vanur að troða í mig öllu matarkyns sem var nærri, til

dæmis hamburgurum, súkkulaði og flögum,“ segir Prescott í grein sem birtist í The Sunday Times í gær.

Honum tókst að fela lotugræðgina fyrir nánustu samstarfsmönnum og fjölskyldu sinni. Eiginkona hans varð hins vegar vörð sjúkdóminn og hvatti mann sinn til að leita sér hjálpar.

Prescott kveðst á batavegi. Hann stundar líkamsrækt reglulega og hugar vel að mataræðinu.

- mnr



1500 MILLJARÐAR Flokksmenn Halvorsen vilja hindra að hin dýra bandaríska F-35-þota verði keypt til að endurnýja norska orrustuþotuflotann.

NORDICPHOTOS/AF

Geta frestað þotukaupum

Norski fjármálaráðherra Kristin Halvorsen segir vel mögulegt að fresta kaupum á nýjum orrustuþotum með því að uppfæra F-16-þotur norska flughersins.

NOREGUR Kristin Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs og leiðtogi vinstri sósíalista, segir það vel mögulegt að ákvörðun um kaup á nýjum orrustuþotum fyrir norska flugherinn verði frestað um nokkur ár. Norsk stjórnvöld hafa undanfarnin fimm ár unnið að útboði til endurnýjunar F-16-orrustuþotuflotans, en að óbreyttu er gert ráð fyrir að þær vélar verði úreltar um og upp úr árinu 2016. Tilboð tveggja orrustuþotuframleiðenda, Lockheed-Martin í Bandaríkjunum og Saab í Svíþjóð, byggð á útboðsgögnum norska varnarmálaráðuneytisins, eru væntanleg inn á borð þess í lok mánaðarins.

„Það eru fleiri valkostir,“ hefur fréttavefur Aftenposten eftir Halvorsen. „Það er raunverulegur möguleiki að fresta kaupum á nýjum þotum. Það fer eftir því hvað það kostar að uppfæra F-16-þoturnar á það stig sem við þurfum á að halda, hve lengi þær yrðu samkeppnishæfar eftir uppfærslu og kostnaðinn við þetta í samanburði við að endurnýja flotann alveg núna,“ segir hún.

Innan flokks Halvorsen hafa síðustu daga ýmsir tjáð þá skoðun

Það er raunverulegur möguleiki að fresta kaupum á nýjum þotum.

KRISTIN HALVORSEN
FJÁRMÁLARÁÐHERRA NOREGS

sína að ekki ætti að koma til greina að verja sem svarar nærri 1.500 milljörðum íslenskra króna í kaup á nýjum bandarískum orrustuþotum. Þotan sem þar um ræðir, F-35 „Joint Strike Fighter“, væri bæði langdýrasti valkosturinn og hefði eiginleika sem alls ekki ættu að vera forgangsmál fyrir norska flugherinn, svo sem að geta betur en flestar aðrar þotur gert loftárásir á skotmörk á landi og verið torséð í ratsjám.

Á dögnum var upplýst að þriðji keppinauturinn í útboðinu, hin evrópska Eurofighter, væri fallin úr leik þar sem framleiðendur hennar hefðu dregið þá ályktun af útboðsferlinu að það hefði í raun verið ákveðið fyrir löngu að kaupa bandaríska þotuna; því væri tilgangslaus að taka frekari þátt í útboðinu.

audunn@frettabladid.is

Skrifstofa sósíalista gjöreyðilögð eftir sprengjuárás:

Önnur sprengjan á þremur dögum

SPÁNN Sprengja sprakk á Norður-Spáni í gær eftir að aðvörunarsímtal barst frá ETA. Sprengjan eyðilagði skrifstofu flokks sósíalista í baskneska bænum Elgoibar en enginn slasaðist í sprengingunni. ETA hefur hótað flokki José Luis Zapatero frekari aðgerðum eftir að hann

náði endurkjöri í kosningum í síðasta mánuði.

Á fimmtudag slösuðust sjö baskneskir lögreglumenn þegar sprengja sprakk í úthverfi Bilbao. ETA hefur verið kennt um dauða yfir átta hundruð manns í baráttu sinni fyrir sjálfstæði Baskalands.

- mnr

ASKJA Mercedes-Benz

Mercedes-Benz
C200 Kompressor
+ 5,6 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!

Harley Davidson
Fat Boy
+ 3,2 milljónir í bakpokann
á tvöfaldan miða!

Nýtt happdrættisár - enn glæsilegri vinningar
Miðasalan er hafin - www.das.is - sími 561 7757

768 skattfrjálsar milljónir
í peningum á árinu

HAPPDRÆTTI



Vinningur í hverri viku

Við ætlum að fjölga fólki



Álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði er einn öflugasti vinnustaður heims á sínu sviði

Í fjölbreyttum hópi starfsmanna eru konur og karlar á öllum aldri sem njóta góðra launa, starfsþjálfunar og ýmissa fríðinda.

Núna viljum við bæta í þennan blómlega hóp og ætlum að fjölga starfsmönnum á næstunni. Kynntu þér traust og spennandi atvinnutækifæri.

Framtíðarstörf í framleiðslu

Við ætlum að ráða fleiri starfsmenn á vaktir í framleiðslu. Fjarðaál framleiðir verðmætar afurðir úr áli og álblöndum, þar á meðal álvíra í háspennustrengi. Ekki er gerð krafa um ákveðna menntun eða reynslu umsækjenda. Í fjölbreyttum hópi framleiðslustarfs-

manna eru konur og karlar á öllum aldri. Mikið er lagt upp úr þjálfun og starfsþróun. Launin eru góð og Fjarðaál veitir starfsmönnum margvíslega þjónustu, svo sem heilsuvernd, frítt fæði og akstur til og frá vinnu.



AUSTURLAND
TÆKIFÆRANNA

Kynntu þér kosti þess að búa og starfa á Austurlandi: www.austurat.is


capacent
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is / tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál







Yfirveguð umræða um efnahagsmál mikilvæg.

Ábyrgð pólitíkusa

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Pað er mikilvægt að forsætisráðherra sýni ákveðna yfirvegun þegar kemur að spurningum og svörum um íslenskt efnahagslíf. Það hefur hann sýnt undanfarnar vikur. Skilaboð um að undirstöður fjármálakerfisins séu traustar eru mikilvæg. Í ljósi þess vöktu ummæli hans á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins á föstudaginn athygli.

Geir H. Haarde sagði að honum hefði fundist á stundum að fjall- að væri um íslensk efnahagsmál af nokkurri léttúð og jafnvel skilningsleysi hér heima. Átti hann við staðhæfingar stjórnmalamanna og fjölmöðla um að ekkert væri verið að gera. Hann nefndi enga á nafn í því sambandi. Geir sagði að mikil opinber umræða gæti verið óheppileg, skapað óraunhæfar væntingar og þar með jafnvel haft neikvæð áhrif.

Það væri auðvelt að túlka þessi orð þannig að forsætisráðherra væri að gagnrýna framgöngu samráðherra í ríkisstjórn. Vissulega hefur hann farið varlega í yfirlýsingum um aðgerðir Seðlabankans þrátt fyrir að fullyrða um vilja ríkisstjórnarinnar til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans. Undir það hefur hann forystumaður ríkisstjórnarinnar tekið, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, meðal annars í dönskum fjölmiðlum í síðustu viku. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur einnig fullýrt í Viðskiptablaðinu að styrkja ætti gjaldeyrisvaraförða Seðlabankans umtalsvert. Stjórnarþingmenn hafa tekið undir það.

Er Geir H. Haarde að gagnrýna þessi ummæli og segja að þau skapi óraunhæfar væntingar sem geti haft neikvæð áhrif? Það eru ekki bara stjórnmalamenn sem benda á mikilvægi aðgerða heldur einnig bankamenn, sem vissulega hafa hagsmuna að gæta. Forstöðumenn greiningardeilda Kaupþings, Landsbankans og Glitnis hafa bent á að aðgerða sé þörf og að beðið sé úrlausna. Er Geir H. Haarde að gagnrýna framgöngu þeirra?

Forsætisráðherra benti á í ræðu sinni að við megum ekki vera óþolinmóð gagnvart lengri boðleiðum og seinvirkari ákvarðanaferlum en við erum von þegar kemur að úrlausnum. Það er rétt. En hvað tekur langan tíma uppfylla þær væntingar sem stjórnmalamenn hafa sjálfir skapað? Það þýðir ekki að gefa eitthvað í skyn og segja svo að allt taki sinn tíma. Er ástæðan sú, eins og Davíð Oddsson seðlabankastjóri gaf í skyn á stýrivaxtafundum bankastjórnar, að kjörin sem ríkinu bjóðast séu svo slök að biða verði hagfeldari skilyrða?

Eftir digurbarkalega yfirlýsingar er nauðsynlegt að ríkisstjórnin sjálf leysi úr þeim vanda sem hún hefur komið sér í. Umræðan sem slík er ekki skaðleg heldur aðgerðaleysi stjórnvalda eða máttleysi gagnvart núverandi stöðu.

Ragnar H. Guðmundsson, sérfræðingur hjá Askar Capital, setti þennan vanda í samhengi á skilmerkilegan hátt í þættinum í lok dags á Visir.is síðasta föstudag. Hann sagði að á meðan óvissa ríkti um lántöku ríkisins, til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans eins og forystumenn ríkisstjórnarinnar hefðu gefið skýrt í skyn, væri ákveðin biðstaða á lánamarkaði gagnvart íslenskum fjármálafyrirtækjum. Erlendar lánastofnanir væru að biða eftir því hvaða kjör íslenska ríkið fengi til að geta verðlagt lán til innlendra fjármálafyrirtækja. Á meðan ekkert gerðist væri ákveðin biðstaða á markaðnum. Því fyrr sem þessi kjör væru öllum ljós gætu hjólin farið að snúast aftur.

Geir H. Haarde ætti því að líta í eigin barm og til samráðherra sinna þegar hann gagnrýnir umfjöllun um aðgerðir til að bæta núverandi efnahagsástand. Yfirvegun í því sambandi er ekki síður mikilvæg en í almennum umræðum um íslenskt efnahagslíf þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRUI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Vor í Kaupmannahöfn!

Come2 Scandinavia er með tvær íbúðir í miðborg Kaupmannahafnar. Einungis 15 mín gangur að Ráðhústorgi. Þetta er frábær og ódýr lausn fyrir hópa og fjölskyldur sem vilja hafa það gott yfir helgi eða viku í Köben. Erum einnig með góð verð á bílaleigubílum.

Nánari upplýsingar á www.come2scandinavia.com



Sími: +45 3325 6425 • Netfang: info@come2scandinavia.com

FRÁ DEGI TIL DAGS

Biðlistar í grjótið

„Skjót og rétt viðbrögð við afbrotum, handtaka, ákæra og fangelsun í krafti dóms skapar fælingarmáttinn. Verulegur árangur hefur náðst í þessum efnum og fréttum af óhæfuverkum síbrotamanna hefur fækkað. Við blasa fullsetin fangelsi og lengri biðlistar þar,“ sagði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra í ræðu sem hann hélt við útskrift í Lögregluskóla ríkisins á föstudaginn. Hvort yfirfull fangelsi og sú staðreynd að brotamenn taka ekki út refsingu sína fljótlega eftir dóm sé einungis til marks um dugnað lögreglumanna skal ósagt látið. En einhverjum kann að detta í hug að það sé til marks um að mikilla úrbóta sé þörf í fangelsismálum.

Davíð á seðilinn

Bloggarinn Björgvin Valur skrifaði um ihaldsöflin og krónuna í gær. Segir hann að andúð Seðlabankans á evrunni stjómist af hégómagirnd Davíðs Oddssonar sem óski sér þess að fá mynd af sér á peningaseðil. Ef til vill er styttra í að þetta verði að veruleika en Björgvin grunar því á útskriftarsýningu nemenda Listaháskóla Íslands, sem opnuð var á Kjarvalsstöðum um helgina, gefur að líta skjalatösku fulla af tíu þúsund króna seðlum með mynd af Davíð eftir ungan grafískan hönnuð.

Hver segir satt?

Jónína Ben skrifaði um það á blogg-síðu sinni í síðustu viku að staðið hafi til árið 1980 að hún keppti á Ólympiuleikum í Moskvu með kanadíska landsliðinu í handknatt-leik. Í beinni útsendingu á Útvarpi Sögu sakaði Arnþrúður Karlsdóttir útvarpskona Jónínu um lygi og sagði þetta bull og vitleysu. Gott ef hún ýjaði ekki að því að Jónína greyið gæti ekkert í handbolta. Nú eru menn orðnir ansi ringlaðir og á vefnum málefni.com hafa spunnist fjóru umræður um málið þar sem menn deila um hvort það sé Jónína eða Arnþrúður sem segir ósatt.

thorgunnur@frettabladid.is
karen@frettabladid.is



Er Bréf til Láru bjánalegt?

Skemmtileg umræða var í Morgunblaðinu í síðustu viku um gáfnafar unglinga í framhaldi af léttúðugum ummælum Egils Helgasonar í Kiljunni þegar rætt var um Bréf til Láru eftir Þórberg. Hann sagði glaðhlakkalega: „Unglingar eru náttúrlega mjög vitlausir.“

Svona segir maður náttúrlega ekki eins og Guðrún Ingibjörg Þorgeirsdóttir, nemandi í 9. bekk í Hagaskóla, bendir Agli á í skeleggri Moggagrein sem engu er við að bæta. Egill segir ögn lúpulegur í samtali við blaðamann að þetta hafi nú verið grín og eiginlega mest um hann sjálfan: „Ég var mjög vitlaus sem unglingur /.../ Til dæmis fannst mér Bréf til Láru /.../ mjög góð bók þegar ég var unglingur. Seinna sá ég að svo var ekki.“

Við þetta má gera þrjár athugasemdir.

„Gáfaðir unglingar“

Í fyrsta lagi var Egill Helgason sérlega vel gefið ungmenni. Og ekki veit ég hvort skoðanir hans á ungdómsárum voru kjánalegri en þær sem hann aðhyllist núna – ég er til dæmis ekki viss um að málflutningur hans um umhverfismál vitni um aukinn vitsmunabroska. Hann snýst einvörðungu um að vera ósammála Árna Finnssyni því hann sé „atvinnumaður í umhverfisvernd“. Það er svona eins og að vera andvígur spænsku af því að til eru spænskukennarar.

Í öðru lagi eru unglingar ekki vitlausir. Þeir eru næmir og opnir og eldsnöggi að hugsa. Hugsun þeirra er stundum stýgg og þeir geta verið einþykkir en vakni forvitni þeirra geta þeir umfram aðra aldurshópa nálgast viðfangsefni úr óvæntri og ferski átt því þeir taka engu sem gefnu og eru ekki með hausinn fullan af drasli. Á göðum degi einkennir þetta raunar einmitt Egil Helgason – á



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON
Í DAG | Til varnar Bréfi til Láru

sínun bestu stundum er hann ennþá bráðvel gefið ungmenni.

Því við höfum í okkur allan aldur: ég þarf ekki annað en að heyra Bitlana til að verða svolítið níu ára. Það er góð tilfinning.

Vondur boðskapur?

Réttlætiskennnd ungmenna er ólúskuð enn og þess vegna eru þau oft mótækileg fyrir hugsjónum jafnaðar og bræðralags og eiga bággt með að skilja sanngirnir misskiptingar og réttlæti ranglætisins – um leið og einstaklingsvitund þeirra þroskast mjög á þessum árum sem veldur því að þau eiga bággt með að þola valdböð.

En sumsé: Mér finnst það ekki til marks um að nokkur maður sé vitlaus að finnast Bréf til Láru góð bók.

Eða hvað er svona vont við hana? Að hún ráðist á viðteknar hugmyndir um gildi frjálsar samkeppni en hylli sameignar-fyrirkomulag? Eða á þessi setning hér úr III. kafla ekki akkúrat svo átakanlega vel við núna: „Það er löngu úreltur skrælingjrabragur að láta fáfróða og ábyrgðarlaus braskara verzla með líf og velferð almennings.“

Eru það árásir Þórbergs á katólsku kirkjuna? Hann var sakaður um að skrifa tröllasögur um illa meðferð kirkjunnar á skjólstæðingum, en jafnvel hann með allan sinn haus hafði ekki hugmyndaflug til að ímynda sér

allan þann hrylling sem kór-drengir í Bandaríkjunum reyndu hafa mátt þola unnvörpum af sveittri hendi þuklandi klerka. Og eru ekki árásir Þórbergs á böll trúræðisins í fullu gildi fyrir alla sem gjalda varhug við ítökum klerka í samfélögum múslíma?

Eru það árásirnar á hina þrúgandi kúgun sveitamennarinnar og hylling borgarlífsins? Hann skar upp herör gegn öllu því sem var staðnað á Íslandi og til þess fallið að kúga einstaklingana og meina þeim að njóta sín. Bréf til Láru er áróðursrit fyrir mannúð, frjálsri hugsun og frjálsu vali, og sérhver máls-grein geislar þar af hatri á valdbótta og smákongadrýldni.

Vissulega máttókust tilraunir til að koma á fót sameignarþjóð-skipulagi hroðalega á 20. öldinni, með ægilegum afleiðingum fyrir milljónir manna. Um það deilir fólk ekki lengur. Og Þórbergur gekk vissulega í björg Stalíns og átti sínar niðurlægingarstundir í þeirri vist. Það vitum við. En ef við einblinum á það þegar við lesum Bréf til Láru þá fer ýmislegt framhjá okkur. Þar má sjá frjálsan anda á tignarlegu flugi. Þar má lesa magnaðar hryllingssögur og vitnisburði um öfgafullt sálarlíf. Þar má njóta ritsnilldar manns með algjört stíleyra. Þar má skemmta sér yfir galgopaskap manns sem tekur sig ekki hátiðlega. Þar gefst þyrstri sál að lesa beitt uppgjöri við efnishyggju og andleysi, hlutadýrkun, brask og taumlausu auðsöfnun fárra á kostnað fjöldans – allt raunveruleg vandamál okkar daga.

Gjaldþrot kommúnismans gerir kapitalismann ekki gáfulegri í sjálfu sér. Bréf til Láru er góð bók því hún bendir út fyrir ramma vanahugsunar. Hún hvetur okkur til að hugsa lengra – og hugsa sjálfstætt saman.

Í boði hæstbjóðanda?

UMRÆÐA

Porleifur Gunnlaugsson skrifar um Frikirkjuveg 11

Pað er kannski tímanna tákn að í annað skipti skuli peningaöflin ógna helstu útivistarperlu Reykjavíkinga. Skömmu fyrir 1970 stóð til að rífa Frikirkjuveg 11 og afhenda Seðlabankanum Hallargarðinn til byggingar. Þá reis upp slík mót-mælaalda að borgaryfirvöld neyddust til að leyfa húsinu og garðinum að standa.

Það er ekki búíð að selja Frikirkjuveginn og það er ekki ljóst hvort það verði gert. Söluýsing kvæð á um húsið og 903 m² lóð en 600 milljóna króna tilboð hæstbjóðanda er með ákveðnum fyrirvörum um breytt lóðamörk, verulegar breytingar á Hallargarðinum og forræði yfir honum. Tilboðsgjafar vilja fá að fara í vegagerð og rjúfa skarð í gerði sem á aðeins nokkra mánuði í það að ná 100 árum og fá þar með fornleifavernd.

Umgjörð tjarnarinnar

Það er því ákveðinn samhljómur með skoðunum hæstbjóðanda í Frikirkjuveg 11 og sérfræðinga



PORLEIFUR GUNNLAUGSSON

Árbæjarsafns. Húsið er óaðskiljanlegur hluti Hallargarðsins. Árbæjarsafn gengur þó lengra þegar það skilgreinir húseignina mikilvægan hluta af umgjörð Tjarnarinnar og götumyndar Frikirkjuvegar en hæst-bjóðendur hafa þó ekki beðið um breytingar á tjörninni.

Það er því auðskilið hvað lá að baki tillögu Vinstri grænna í borgarstjórn á þriðjudaginn þegar lagt var til að leitað yrði leiða til að afturkalla sölu á fasteigninni að Frikirkjuvegi 11. Sú staðreynd að ekki skuli hafa náðst niðurstaða í málið þó að nú sé meira en hálft ár liðið síðan afhenda átti húsið sýnir að illmögulegt er að aðskilja Frikirkjuveg 11 og 903 m² lóð frá restinni af Hallargarðinum.

Sennilega eiga þeir sem með málið fara erfitt með það þegar allt kemur til alls að afhenda auðmönnum forræði yfir fallegasta græna svæði borgarinnar. Alvarleiki slíks fordæmis er kannski að renna upp fyrir þeim. Í framhaldinu gætum við nefnilega átt eftir eða ekki átt eftir að horfa á tjörnina í boði Glitnis, farið á Arnarhól í boði KB banka og setið á Austurvelli í boði þeirra sem buðu best.

Höfundur er borgarfulltrúi VG.

Náttborðið má nota til þess að koma af stað fögrum fyrirheitum. Ef ætlunin er að lesa meira má koma góðri bók fyrir á því, vatnsflösku ef markmiðið er heilsusamlegri lífsstíll og nuddolíu og ilmkerfum ef bæta á sambandið við makann.



Mælistika fyrir yngstu fjölskyldumeðlimina er tilvalin í barna-herbergið. Þegar börnin fara að stækka er hins vegar sniðugt að hafa einn stað á vegg þar sem má strika og skrifa á svo hægt sé að skrá hæð og aldur reglulega.



Lay-z-boy stólar af ýmsum gerðum fást nú með helmingsafslætti í Húsgagnahöllinni. Þar má einnig finna margt annað á tilboðsverði en nýr bæklingur er nýkominn út.

allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

Vortilboð grár Klaustursteinn

Verð nú kr. 1.950,- m²
Verð áður kr. 2.295,- m²



Tilboðsverð miðast við staðgreiðslu eða staðgreiðslulán Visa og Eurocard til allt að 36 mánaða. Ef greitt er með eingreiðslu Visa eða Euro er tilboðsverðið kr. 2.020,-

Tilboðið gildir til 5. maí 2008



STEINDIR
HELLUSTEYPA

sími 587 2222 / sala@hellusteypa.is / www.hellusteypa.is

5125050
Auglýsingasími



Sigurður Tómas Guðmundsson, tónlistarmaður í Sprengjuhöllinni, með fádæma flotta espressókönnu sem kærastan pantaði í leyri frá Bandaríkjunum.

Heilsuvæn og fönkí

Hún kom laumuleiðina frá Ameríku og hitti beint í hjartastað, enda ástargjöf með tilgang.

„Ég held mest upp á handvirku espressókönnuna sem Katla kærasta mín gaf mér í tækifærisgjöf og hitti beint í mark eftir vandlega leit á eBay og laumulega sendingu til Íslands,“ segir Sigurður Tómas Guðmundsson, trommuleikari og söngvari í verðlaunasveitinni Sprengjuhöllinni, inntur eftir sínum eftirlætis heimilismun.

„Kannan er amerísk af tegundinni All-Clad og heitir Presso. Hún lúkkar vel, er dálítið fönkí í útliti, einföld í notkun og án rafmagns, en mér leiðast rafmangskaffikönnur sem tekur óratíma að hella upp á,“ segir Sigurður Tómas sem alla jafna er duglegur í kaffidrykkjunni.

„Á góðum degi drekk ég fimm bolla. Áður var ég

vanur að hella upp á lítra af pressukönnu og þamba þá allan skammtinn í einu, en þá var ég oft kominn með skjálfta. Gjöfin frá Kötlun er því ekki síður heilsuvæn því hún takmarkar kaffidrykkju við færri bolla og gæði, en vitaskuld hefur hún mest tilfinningagildi í mínum huga,“ segir Sigurður Tómas þar sem hann lætur fara vel um sig í rauðum hægindastól með skammeli.

„Af veraldlegum eigum er ég hrifnastur af því sem hefur notagildi. Langmest af okkar innbúi kemur frá foreldrum og ættingjum, en við kaupum stundum smávægis í búíð og síðast flottan og notalegan hægindastól úr Ikea, sem þrýðir heimilið og er í miklu uppáhaldi líka. Við eltumst ekki við ákveðinn stíl, heldur reynum að hafa fínt hjá okkur, kósí og heimilislegt.“

thordis@frettabladid.is

TOYO TIRES SUMARDEKK

PROXES TR
SPORT

PROXES CF1
ÞÆGINDI

TOYO 350
HAGKVÆMNI

#1 BRAND OVERALL
TOYO TIRES



TOYO TIRES
GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

561 4110
NESDEKK
FISKISLÓÐ 30

Bílahúð Benna

Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is



HITA KUTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.strond.is

STRÖND

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Töfrandi vatnsflaumur

Fátt er rómantískara en seytlandi gosbrunnar og lækir.

Gosbrunnar og tilbúnir lækir geta verið freistandi fyrir náttúrubörn sem ekki eru svo vel í sveit sett að vera með rennandi læk í túnfætinum. Yfir þeim er ævintýraljómi og lífgar vatnsflaumurinn upp á umhverfið.

Fristandandi gosbrunnar má grafa niður í garðinn en einnig klæða með pallaefni, hafa á svölunum eða jafnvel innandyra. Aðrir brunnar og lækir geta verið tengdir tjörnum sem meðal annars má búa til með tjarnardúk.

Þá er hægt að fá ljós í mörgum litum sem lítur vatnsbunurnar og ýtir enn frekar undir rómantíkuna.

vera@frettabladid.is



Heillandi fiskigosbrunnur úr Gallerí Kína. Hann má hafa jafnt innandyra sem utan. Brunnurinn hreinsar loftið og gefur raka. Verð á tilboði 19.900 kr.

Klofin granítkúla. Undir henni er niðurgrafinn vatnsbali og gengur vatnið í hring. Hægt er að fá ljós inn í kúluna en hún hentar til dæmis vel í garðinn, á pallinn eða jafnvel innandyra. Gosbrunnar.is. Verð: 45.900 kr.



Bunurnar streyma niður grasi grónar hliðar. Fæst í Gallerí Kína. Verð frá 19.900 kr.



Tilbúinn lækur úr þremur lækjareiningum sem fást í ýmsum útfærslum. Hver eining kostar 19.500 kr.



tamrac

Ljósmyndatöskur og bakpokar

FOLO VAL

Myndavéla-
viðgerðir
Skiopholti 50B
Sími 553 9200

www.fotoval.is · mail@fotoval@fotoval.is

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL

- Toppblaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

SCHWINN USA

HJÓL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

BARNAHJÓL MEÐ 15% AFSLÆTTI

MIKIÐ ÚRVAL AF LÍNUSKAUTUM Á ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

20" HJÓL
5 - 9 ÁRA
7 GÍRA - 2 LITIR
24.995

16" HJÓL
3 - 6 ÁRA
2 LITIR
15.995

12" HJÓL
2 - 4 ÁRA
2 LITIR
11.995

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGGJÖF

VIÐGERÐAR OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA

allt - sem þig vantar

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17

BÍLAR & FARARTÆKI



NÝIR OG NOTAÐIR BÍLAR



Nýr Daihatsu Cuore. 1.0L 69 hp., eyðsla 4.4L/100km. Til afhendingar strax. Komdu í reynsluakstur í dag. www.X4.is



Nýr Daihatsu Sirion2. 1.0L 69 hp., eyðsla 5.0L/100km. Fæst einnig 1.3L, 4x4 og 1.5L vél. Til afhendingar strax. Komdu í reynsluakstur í dag. www.X4.is



Nýr Daihatsu Trevis 1.0L 59 hp., eyðsla 4.8L/100km. Til afhendingar strax. Komdu í reynsluakstur í dag. www.X4.is



Nýr Daihatsu Materia 1.3L 91 hp., eyðsla 6.6L/100 km. Fæst einnig með 1.5L vél og 4x4. Til afhendingar strax. Komdu í reynsluakstur í dag. www.X4.is



Nýr Daihatsu Terios 4x4 jepplingur. 1.5L 103 hp., eyðsla 7.5L/100km. Til afhendingar strax. Komdu í reynsluakstur í dag. www.X4.is

Daihatsu eigendur athugið útvegum alla varahluti og aukahluti í gamla sem nýja Daihatsu bifreiðar.

X4 ehf
Nethylur 1, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
Opíð virka daga 10-18 X4 vantar bíla á söluskrá og á staðinn.
www.x4.is

Auglýsingasími
512 5050
- Mest lesið



Toyota Yaris T sport Nýskr. 5/2005 ekinn 20 þ. km, 1.5 vél, spoiler, álfelgur. Verð 1.590.000- Uppl. í síma 420 6600.

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19, 260
Reykjanesbær
Sími: 420 6600

Bílar til sölu

Við stórlækkuð sölukostnað!
Skráðu bílinn hjá okkur - frítt!
NETBÍLAR
www.netbilar.is

Netbilar.is stórlækka þinn sölukostnað. Aðeins eitt verð kr. 29.900 m/vsk fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Verðvernd í bílasölu. Bílasalan Netbilar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300.



220.000 - í afslátt!!!
Subaru Impreza W/G árg 2000 ekinn 139 þ. km, sjálfskiptur, spoiler, góð dekk. Verð 670.000- Tilboð 450.000. Uppl. í síma 863 0149.



Passat 98. Ek. 156 þ. Dráttarkr. Bsk. 5 girar. Auka felgur. Nýsk. Verð 430 þ. Uppl. í síma 659 3459.

Renault Kangoo árg08/06, ek.20þús, vsk bíll, rekstleiga 18 mán eftir. fæst gegn yfirtöku samnings afb. 33þús á mán. Kjartan 821 3494

Til sölu 3 Citroen Berlingo. Árg.'07. Tveir bensín, einn dísel. Grái á lit. Ek. rúm 20 þús. Lán getur fylgt. Uppl. í síma 824 1450, Stefán.

250-499 þús.



Wrangler '94 árg 2,5 ltr vél, 31", vel með farinn, tilboð óskast í síma 7701045

1-2 milljónir



Toyota Land Cruiser 90, '98 ek. 160 þús. Topp eintak, vel viðhaldið. Tveir eig. Skoðaður '09, Diesel, 5 girar, 33"/35" dekk á felgum, þjónustub./smurb. Verð 1400 þús. Uppl. í síma 867 3095.

Bílar óskast

Óska eftir að kaupa ódýran notað bíl á verðb. 50-150 þús. Skoðaðan og í góðu lagi. Uppl. í síma 699 8370.

Jeppar



Suburban 2500 árg. '85 til sölu. Ekinn 270000. Góður bíll. Upplýsingar í síma 483 4086.



44" LC120
Land Cruiser 120 2008. Ek. 6 þ.km, ssk., sóllúga 44" breyttur, beadlock felgur 4,88 hlutföll, læstur framan og aftan, Koni demparar, OEM gormar, styrktir spindlar, spilbiti, dráttarbeisli, aukatanur, filmur, spoiler ofl. Verð 8.900 þ. Uppl. í síma 894 4144.

GISTING AKUREYRI. Byð uppá flotta gistingu Leó S 8975300 orlofshus.is

Vörubílar



Scania P420 8X4 árg. 2005, ekinn 120.000. Hiab Hipro 288-7. Verð 19.9 millj. + vsk. Uppl. í síma 894 1337.



Til sölu Man TGA 410 árg. '04, með Atlas terex 240 '06. Verð 14.5 m. + skattur. Uppl. í síma 841 9171.

Húsbílar



Til sölu gott úrval Pallhýsa.
Ný og notað á flestar gerðir pallbíla. Sendum hvert á land sem er. Uppl. í síma 421-7922 eða Ágúst 864-0982, Jóhannes 896-2317 www.pallhysa.is JS Campers ehf.

Vespur



Ódýrasti ferðamátinn í dag. JMStar Rxi og Lingben XR 50cc frá kr 170.000. Hjálmur og yfirbreiðsla fylgir. Mjög góð reynsla, mikið úrval af vara og aukahlutum. www.BMVehf.is S. 861 5385 & 897 2101.



Ódýrasti ferðamátinn í dag. JMSTAR Vision Rxi 50cc verð frá 170.000 kr. m/vsk. Einnig Stórglæsilegu Lingben Vision XR frír hjálmur og yfirbreiðsla fylgir öllum vespum (skráning innifalin) Mjög góð reynsla, einnig mikið úrval af vara og aukahlutum Kíktu á www.BMVehf.is S. 861 5385 & 897 2101.

Fellihýsi



Fleetwood E3 Fellihýsi til sölu, árgerð 2008. Nýtt ónotað. Uppl. í síma 894 4708.

Tjaldvagnar

Af sérstökum ástæðum eru til sölu 2 glænýr Combi Camp tjaldvagnar. Uppl. í síma 897 2000 eða á johannes@sts.is

Vinnuvélar

ARMAR
LOFTPRESSUR, RAFSTÖÐVAR og ýmis önnur tæki til byggingaframkvæmda til leigu.
S. 565 4646
www.armor.is

Lyftarar

ARMAR
SKÆRALYFTUR og ýmis önnur tæki til byggingaframkvæmda til leigu.
S. 565 4646
www.armor.is

Bátar



Gúmmibátar & Gallar
Björgunarbátar frá 119.900, þurrvallar m/öndun 39.900, slöngubátar, viðgerðarefni og viðgerðir. Heimsækið okkur á gummibatar.is eða S:6607570

Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Girkassar í VW. Kaupi bíla. Uppl. í síma 554 1610 & 892 7852.

Bílapartar ehf
S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla.

Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.

Grænumýri 3 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

Japanskar Vélar/Bílastart, Bílapartasala

Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opíð 08-18. S. 565 3400 & 893 2284, partasolur.is

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Atilö
Þrif & Viðhold
Sími: 662 0 662
Flutningsþrif • Hreingerningar
Teppahreinsun • Gluggaþvottur
Reglugæsluþrif fyrir fyrirtæki
★★★★
Létt viðhald á eignum fyrir einstaklinga & fyrirtæki

Hreingerningar ehf.
Sími: 868 5599
Gölfbonun - Bónleysing
Hreingerningar - Flutningsþrif
Gluggaþvottur - Teppahreinsun
Reglulegar rastningar í sameignum og fyrirtækjum.
www.hreingerningar.is
Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Hreingerningapjónusta
Þvegillinn
S. 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing
Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn
thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Stjornuþrif
ALVEG SKÍNANDI
Hreingerningar - Flutningsþrif
Nýbyggingarþrif - Teppahreinsun
Gölfbonun-Bónleysing
Regluleg ræsting í fyrirtækjum og húsnæðingum
www.stjornuþrif.is
S. 867 1730 & 849 9600

raesta.is
powered by BG
533 1515
Regluleg þrif - hreingerningar
Teppahreinsun - Gölfbonun
Húsfélög - Heimili - Fyrirtæki.
www.raesta.is

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Er allt í ryki? Tek að mér vorþrif í heima- húsum, flutningsþrif og regluleg þrif í fyrirtækjum. Ástu-Svæði. S. 848 7367.

Tek að mér allar almennar hreingerningar s.s. heimahús og fyrirtæki. Verðtilboð S. 695 3851.

Vy-þrif ehf.
Þrif á sameignum. Almenn þrif.
Heinsun Náttúrustein. S. 512 4010
vyþrif@internet.is

Garðyrkja

GARÐLIST
Öll viðhaldsþjónusta fyrir garðinn á einum stað.
19 ára reynsla.
Veldu traust og vönduð vinnubrögð.
554-1989
www.gardlist.is
Garðuðun Sláttur Trjáklippingar Beðahreinsanir

Tökum GARÐINN í gegn!
Garðsláttur
Klippingar
Beðahreinsanir
Garðaúðanir
Trjáfellingar
Hellulagnir
Pökulagnir
Sláttumenn
846 0864

Smágrótufluga Drenlagir Skolplagnir Jarðvegsskipti
Upplýsingar í síma:
824 7565 Beggi
696 6676 Bjóssi

Bilamarkaðurinn
Þú færð 2 stóla Nissu
Armada fyrir einn
Land Cruiser 200
Raðnr: 180361



Nissan ARMADA 4x4 '08
Nýr bíll. 7 manna
einn núlla. Tilboð óskast.

**skipti á
óðyrari**
Raðnr: 180232



M. Benz GL450 '07
ek: 35þkm. 7 manna

Raðnr: 143100



M. Benz Coupe C230 '01
ek: 40 þ.km. Sjálfstýptur
V. 2.890 þ.kr góður frúarbíll

Lúxus
R. Rover Sport HSE 2006
glæsilegur bíll, ek: 40 þ.km
Lúxus jeppi, er á staðnum.
Raðnr: 142139



R. Rover Sport HSE 2006
glæsilegur bíll, ek: 40 þ.km
Lúxus jeppi, er á staðnum.

650 þ.kr
Raðnr: 143174



Opel Astra GL ECO 06/03
ek: 96 þ.km 5 girar
V. 650 þ.kr. Lán e.a. 500þkr

**Tilboð
1.390
þ.kr**
Raðnr: 132460



Toyota Rav Langur 09/02
ek 70 þ. km. eyðslugrannur
er á staðnum. V 1.790 þ.kr

**árg. 2005 Raðnr:
2.990 þ.kr 142633**



M. Benz C-230 Kompressor '05
móli með öllu - gott verð
Ásett 3.690 þ.kr Tilboð 2.990þkr

**Stofnunar þjónusta
820-8400 820-1400 820-8400**



Það er gott að kaupa bíl í
Kópavogi.... Smíðjuvegi 46

Yfir 1500 bílar á skrá
www.bbv.is

s: 567-1800
Verið velkomna, gamli góði
kandísinn í boði!

Bilamarkaðurinn

**Kletthamar
garðyrkjudeild**
Sólpallar, Hellulagnir,
alhliða garðþjónusta
www.kletthamar.is



„Sólpallar og Hellulagnir“ Vanir menn,
vönduð vinna! Upplýsingar veita
Ólafur 661 2005 & Hilmar 699 8509
Kletthamar ehf. www.kletthamar.is

**Ahliða
garðþjónusta**
**Garðþjónusta
Íslands ehf**
Tökum að okkur alhliða
garðvinnu & hreinsun. Klippum
og fellum tré, jarðvegsskiptum,
helluleggjum, þökuleggjum,
beðahreinsum og fleira.

Vönduð vinnubrögð
- Hjörleifur í s. 844 6547
- Róbert í s. 866 9767

Trjáklippingar - garðyrkja.
Klippi tré og runna og felli tré.
Fljót og góð þjónusta. Látið fag-
mann vinna verkin.
**Jóhannes garðyrkjumeistari s.
846 8643.**

EINKABÍLAR
Höfum opnað
glæsilega netbilla-sölu
Opnunartilboð
sólulaun aðeins
29.900 m/vsk
www.einkabilar.is

Frábært verð á glæsilegum Rav4 II
Toyota Rav4 Vx Arg 07, Ekinn
20P, Sjálfstýptur, X-Drive, Cruise,
Ásett 41900, Tilboð 36900.



100% Lán í síl mynd!
Ford Focus W Arg 09/03E-748 S Gna.
SKOÐ, ABS, CD, Airbag, Góð dekk,
Gott lán.



Aufveid kaup !!
Toyota Landcruiser Vx Arg 97E-261P,
Sik, Skoð, ABS, Alklegur,
Ásett 10900, Gott lán.




Smíðar Ferðabíli-Skoða öll skipti 7
Gnc Savaria 1500, Arg 01E-90P
km, V8, Sik, 7 Marsa, TvíRim,
Ásett 1.590, Lán 1.900.



EINKABÍLAR

Þarf að slá eða klippa?
**GARÐAR
BEST**
sími 698 9334



1988 - 2008
Nú er rétti tíminn að klippa trén og
panta slátt og aðra þjónustu fyrir sum-
arið, við bjóðum upp á allt. Við leggi-
um áherslu á vandaða vinnu og góða
yfirsýn enda hefur okkur haldist vel
á viðskiptavinum okkar ár frá ári í 20
ár. Ef þú vilt trausta og áreiðanlega
þjónustu ertu á réttum stað. Bjóðum
nýja viðskiptavinum velkomna, húsfélag,
einstaklinga sem og fyrtaeki. Garðar
Best ehf. Sími 698 9334.

Ert þú að byggja?
Tökum að okkur alla vinnu við grunna
og lóðir. Þekking og þjónusta í sérlokki.
Hausverk ehf. S. 899 0957.

Garðyrkja
Felli tré, klippi, grísa og snyrti runna og
önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. S.
698 1215.

Trjáklippingar
Trjáklippingar, garðauðun, plöntuski-
punging garða. Eiríkur Sæland garðyrkju-
maður s. 848 1723.

Fjármál
Framtalsaðstoð, skattaráðgjöf, stofnun
ehf. bokhald. fjármálaráðgjöf. Uppl. í
síma 517-3977

Málalarar
ÞAKMÁLUN
Ávar Dungal
löggr. fasteignasali
Reykjavík



SÖLUSÝNING
Sunnudag kl. 18:00 – 18:30

105 Reykjavík

Verð 21,9 millj.
Fjöldi herbergja 3
Stærð 82,5 fm
Byggingarár 1957
Annað Lækkað verð

Bugðulækur 16

Falleg íbúð í kjallara með sérinnangi á vinsælum stað í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, eldhús og stofu í sameign er geymsla og sameiginlegt þvottahús. Stutt í alla þjónustu og íþróttamiðstöðin Laugar í göngufæri.

Elsa Þórálfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



201 Kópavogur

Verð 69,9 millj.
Fjöldi herbergja 6
Stærð 194,1 fm
Byggingarár 1998
Annað Mikið og fallegt útsýni

Geislalind

Glæsilegt parhús með innb. bílskúr á besta stað. Mikið og fallegt útsýni. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar eikarinnréttingar. Vel skipulögð eign með 30 fm óskráðu rými. Eignin stendur innst í botnlanga, örstutt í grunnskólann.

Elsa Þórálfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



201 Kópavogur

Verð 71,9 millj.
Fjöldi herbergja 6
Stærð 220,6 fm
Byggingarár 1998
Annað Mikið útsýni

Laxalind

Glæsilegt parhús með innbyggðum bílskúr. Húsið er á tveimur hæðum og er allt hið vandaðasta. Innréttingar og skápar úr hlyn. Náttúrusteinn og parket á gólfum. Fallegur garður við húsið, hiti í bílplani og stór sólpallur. Frábært útsýni.

Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100



107 Reykjavík

Verð 31,9 millj.
Fjöldi herbergja 3
Stærð 86,7 fm
Byggingarár 1943
Annað Einbýlishús

Lágholtsvegur

Fallegt einbýlishús á besta stað í vesturbænum með frábæru útsýni. Eignin skiptist í gang, eldhús, baðherb., stofu, borðst. og tvö herb. Húsið er klætt að utan með Steni-plötum. Bílskúrsréttur fylgir. Eign sem gefur mikla möguleika, frábær staðsetning.

Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100



201 Kópavogur

Verð 31,9 millj.
Fjöldi herbergja 4
Stærð 120,8 fm
Byggingarár 2002
Annað Endaíbúð
Laus strax

Lómasalir

Vel skipulögð og falleg eign í salahverfi í Kópavogi í nýlegri lyftublokk. Sérinnangur af svölum ásamt staði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í rúmgöða forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu og þrjú herbergi.

Elsa Þórálfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



101 Reykjavík

Verð 17,9 millj.
Fjöldi herbergja 2
Stærð 56,9 fm
Byggingarár 1927
Annað Hagst. lán
Lækkað verð

Njálsgata

Gullfalleg og mikið endurnýjuð íbúð á 2. hæð á besta stað í miðbænum. Eikarparket á öllum gólfum nema baðherbergi og eldhúsi en þar eru flísar á gólf. Baðherbergið uppgert á glæsilegan hátt. Herbergið er rúmgott með góðum skáp.

Elsa Þórálfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



210 Garðabær

Verð 27,8 millj.
Fjöldi herbergja 4
Stærð 110,5 fm
Byggingarár 1982
Annað Gott lán

Lyngmóar

Eignin skiptist í 93,7 fm íbúð og 16,8 fm bílskúr. Björt og rúmgóð íbúð miðsvæðis í Garðabæ með frábæru útsýni. Stutt í alla almenna þjónustu, Garðatorg o.fl. í næsta nágrenni.

Björgvin Viðir
viðskiptastjóri
vidir@domus.is
sími 664 6024



230 Reykjanesbæ

Verð 14,3 millj.
Fjöldi herbergja 3
Stærð 71,5 fm
Byggingarár 1942
Annað Gott lán

Njarðvíkurbraut

Fallega og mikið endurnýjaða 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í tvíbyli við Njarðvíkurbraut í Reykjanesbæ. Húsið var klætt að utan og einangrað 2007 og er í mjög góðu ástandi.

Björgvin Viðir
viðskiptastjóri
vidir@domus.is
sími 664 6024



230 Reykjanesbæ

Verð 29,8 millj.
Fjöldi herbergja 5
Stærð 204,4 fm
Byggingarár 2006
Annað Skipti á eign í Reykjavík

Svölutjörn

Glæsilegt og vel staðsett einbýlishús við Svölutjörn. Húsið er samtals 204,4 fm þ.m.t. innb. bílskúr. Eignin skiptist í, forstofu, 4 svefnh., baðherb., eldhús, stofu, þv.hús og geymslu, ásamt rúmgöðum bílskúr.

Björgvin Viðir
viðskiptastjóri
vidir@domus.is
sími 664 6024



221 Hafnarfjörður

Verð 22,7 millj.
Fjöldi herbergja 3
Stærð 85,1 fm
Byggingarár 2000
Annað Sér inngangur

Blikaás

Fallega neðri hæð í góðu fjölbyli við Blikaás í Hafnarfirði. Íbúðin er samtals 85,1 fm. Eignin skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, stofu, og þvottahús sem er innan íbúðar. Sér inngangur.

Björgvin Viðir
viðskiptastjóri
vidir@domus.is
sími 664 6024



ELISABET II ENGLANDSDROTTNING
82 ÁRA.

„Ég lýsi yfir í návist ykkar allra, að líf mitt allt, hvort sem það verður langt eða stutt, mun ég tileinka þjónustu við ykkur og Breska samveldið sem við tilheyrum öll.“

Elisabet Alexandra María var krynd Englandsdrottning árið 1953. Hún er ekki aðeins drottning Englands, heldur líka Ástralíu, Kanada, Jamaíka, Barbados og Grenada ásamt fjólda annarra smærri ríkja.



PETTA GERÐIST: 21. APRÍL 1952

Vika ritarans verður til

Dagur ritarans var formlega stofnaður á þessum degi árið 1952.

Tilgangur með honum var að viðurkenna starf ritara. Dagurinn er haldinn hátíðlegur miðvikudaginn í síðustu heilu viku aprílmánaðar ár hvert.

Harry F. Klemfuss stofnaði þennan dag í samstarfi við ritarasamtök Bandaríkjanna. Þetta gerði hann til þess að kynna ritarastarfið og til þess að hvetja fleiri til að gera starfið að sínum starfsvettvangi. Hann notaði reynslu sína í almannatengslum til að kynna mikilvægi starfsins og gildi þess. Hann vildi einnig sýna fram á hversu fjölbreytt ritarastarfið er og hversu mörg sérsvið eru innan



stéttarinnar. Árið 1981 var nafninu breytt í vika fagmanna innan stjórnsýslunnar, Administrative Professionals Week, til að koma til móts við aukna ábyrgð og auknið vinnusvið ritara og annarra fagmanna í þeim geira. Þessi dagur hefur unnið á í gegnum tíðina og nú er svo komið að hann er haldinn hátíðlegur á vinnustöðum víðsvegar um heim. Fólk fagnar oft deginum þannig að ritara gefa hvor öðrum blóm eða litlar gjafir, vinnuhópar fara saman út að borða eða fólk tekur sér fri þennan dag.

MERKISATBURÐIR

- 1509 Hinrik VIII verður Englandskonungur.
- 1828 Noah Webster gefur út fyrstu orðabók Bandaríkjanna.
- 1958 Elvis Presley kemur plötu sinni, Heartbreak Hotel, á toppinn í Bandaríkjunum.
- 1963 Bítlamir og Rolling Stones hittast í fyrsta sinn.
- 1965 Lög eru staðfest hér á landi um útgáfu nafnskírteina til allra einstaklinga tólf ára og eldri, en þeir eru um 140 þúsund.
- 1967 Dóttir Jósefs Stalín, Svetlana Allilujeva, flýr til Bandaríkjanna.
- 1977 Söngleikurinn Annie er frumsýndur á Broadway og eiga sýningar eftir að verða 2.377.

tímamót

tímamot@frettabladid.is

AFMÆLI



JÓHANN
SIGURÐARSON
LEIKARI 52
ÁRA.



AUÐUR EIR
VILHJÁLMS-
DÓTTIR
PRESTUR 71
ÁRS.



PÉTUR
JÓHANN
SIGFÚSSON
LEIKARI 36
ÁRA.



GUÐRÚN
JÓNS-
DÓTTIR
TALSKONA
STÍGAMÓTA
54 ÁRA.



FJÖLMARGT Í BODI Börnin fá að fara á hestbak á Bifröst á meðan foreldrar skoða aðstöðuna.

Opið hús á Bifröst

Háskólinn á Bifröst býður opinn dag á sumardaginn fyrsta, þann 24. apríl. Deildir háskólans, frumgreinadeild, viðskiptadeild, lagadeild og félagsvísindadeild, kynna námsframboð í grunn- og framhaldsnámi.

Af þessu tilefni er umsækjendum og öðrum áhugasömum boðið upp á viðtöl við deildarforseta, kennara og námsráðgjafa og stjórnendur skólans. Þá er einnig hægt að ræða umsóknir og úrvinnslu þeirra fyrir þá sem vilja.

Kennslufræði háskólans verður einnig kynnt en fá mennir verkefnahópar, nálgæð við kennara og starfsfólk auk verkefnavinnu í

tengslum við atvinnulífið skapar skólanum mikla sérstöðu, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá háskólanum.

Nemendagarðar verða auk þess til sýnis sem og öll félagsleg aðstaða. Þar með talið líkamsræktarsalir, heitir pottar, kaffihús og lestrarsalir.

Grunnskólinn á Varmalandi og leikskólinn Hraunborg kynna einnig starfsemi sína á opnum degi. Þá geta foreldrar skoðað svæðið á meðan börnin fara á hestbak og leika sér í leiktækjum á háskólatorginu. Boðið verður upp á veitingar og gestir fá frímiða í Hvalfjarðargöngin á heimleiðinni.



VITLAUST AÐ GERA Hafsteinn Sigurbjarnarson, formaður Meistarafélags bólrara, segir ungt fólk vera mjög áhugasamt um gömul húsgögn í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MEISTARAFÉLAG BÓLSTRARA: ÁTTATÍU ÁR FRÁ STOFNUN

Mikið lagt í eldri húsgögn

Meistarafélag bólrara stendur á átt-ræðu um þessar mundir.

Rétt rúmlega hundrað ár eru þó síðan fagið barst hingað til lands en árið 1906 kom danskur bólrari að nafni Axel Mineholt til Reykjavíkur. Hann útskrifaði Kristín Sveinsson í faginu áður en hann flutti aftur til Danmerkur árið 1922.

Fagfélag bólrara var svo stofnað sex árum síðar á horni Bankastrætis og Ingólfsstrætis þar sem veitingahúsið Sólon er nú til húsa.

„Kristinn Sveinsson var með verkstæði þarna á horninu og var kosinn fyrsti formaður félagsins. Síðan gerði hann fyrsta námssamninginn á Íslandi í október 1928 við Ólaf Daðason,“ útskýrir Hafsteinn Sigurbjarnarson en hann hefur gegnt formennsku í félaginu frá árinu 1996.

„Félagið var stofnað utan um hagsmunum iðngreinarinnar og í félaginu eru einungis meistara með sjálfstæðan rekstur og eru þar af leiðandi með töluverða reynslu. Auk þess stend-

ur félagið fyrir endurmenntunarnám-skeiðum og sýningum og kynnir með því bólstrun út á við.“

Í félaginu eru nitján starfandi bólrarar en alls eru félagarnir tuttugu og einn. Tveir hættu rekstri nýlega. „Meðalaldurinn er hár hjá starfandi bólrurum og mikið af einyrkjum. Síðastliðin 30 ár hafa einungis sex neman verið í faginu,“ útskýrir Hafsteinn.

Engin námskrá fyrir bólstrun var til í iðnskólum landsins þegar dóttir Hafsteins vildi læra fagið fyrir um átta árum.

„Þá hafði ekki verið lærlingur í þessu í tuttugu ár. Það var engin námskrá til svo félagið gerði samning við Skive Tekniske Skole í Danmörku um að neman hefði tækju síðustu tvær annirnar þar. Fyrstu neman útskrifuðust svo þaðan árið 2001, dóttir mín Berglind og Erlendur Sigurðson. Berglind er núna með sjálfstæðan rekstur á Selfossi.“

Hafsteinn kvartar ekki undan verk-

efnaskorti og segir vitlaust að gera. Ungt fólk láti gera upp gömul húsgögn sem það hefur jafnvel fengið í arf og mikið sé um að keypt séu gömul húsgögn á nytjamörkuðum fyrir slíkk sem fólk láti svo yfirdekkja.

„Það er mikið í þessi gömlu húsgögn lagt og grindin og undirlagið geta enst til eilífðarnóns. Í krónum talið getur virst dýrt að gera húsgögn upp en það er það ekki þegar horft er til endingartíma. Það hefur orðið mikil vakning í þessu en í kringum 70 ára afmæli félagsins fyrir tíu árum byrjuðum við að halda sýningar til að kynna hvað í vinnuna er lagt. Við sýndum bæði í Perlunni og Laugardalshöllinni og það hefur haft áhrif,“ segir Hafsteinn.

Félagsmenn gerðu sér gláðan dag um helgina og héldu upp á 80 ára afmælið með pomp og prakt. Í tilefni tímamótanna ætlar félagið að uppfæra heimasíðu sína þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um fagið og félagsmenn. Slóðin á síðuna er www.bolstrun.is.

heida@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, og langalangamma,

Hulda Guðjónsdóttir

Frá Bæ í Lóni,

verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 22. apríl kl. 13.00.

Erla Sigfúsdóttir Geir Sigurðsson
Kristín Sæmundsdóttir Þórunn Þórðarson
Þórarinn Sæmundsson Brynja Benediktsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Nýtt handverkshús um frístundahelgi

Árleg frístundahelgi fer fram laugardaginn 26. apríl í Reykjaneshæ. Í ár verður lögð áhersla á að kynna menningar- og tómtundahópna sem starfa innan Reykjaneshæjar.

Kynningin fer að mestu fram á Vallarheiði en er einnig í húsnæði viðkomandi hópa í öðrum hverfum bæjarins. Þetta verður þó auglýst betur þegar nær dregur að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Handverkssýning mun fara fram sömu helgi og verður að þessu sinni hald-

in í Hobby Center, Víkingabraut 773 á Vallarheiði. Um leið verður vígt nýtt handverkshús, sem menningarhópum í Reykjaneshæ hefur áskotnast.

Sýningin verður opin laugardaginn 26. apríl frá kl. 13.00 til 17.00 og er að sjálfsögðu sölusýning. Undirbúningur Frístundahelgarinnar er í höndum Tómtundabandalagsins, Menningarsviðs og Íþrótt- og tómtundasviðs. Verkefnisstjóri er Ásmundur Friðriksson hjá Reykjaneshæ.



HANDVERK OG FRÍSTUNDIR Árleg frístundahelgi fer fram í Reykjaneshæ síðustu helgina í apríl. Af því tilefni verður nýtt handverkshús vígt.

Blaðberinn minn fer með mér í Sorpu

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.

Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

Blóm í bala



Þegar ekki rignir ...

... þarf að vökva garðinn. Þá er gott að eiga svona garðkönnu. Hún er úr zinki og skreytt hvítum og rauðum eða bláum og rauðum blómum. 400 krónur.

Blómskrúð sem ekki fölnar

Blómagreinar í ýmsum litum. 200 krónur greinin.



Zink er zmart. Zjáðu bara ...

Þetta aflanga blómaker er 12 x 19 cm og skreytt hvítum og rauðum eða bláum og rauðum blómum. 800 krónur.



Plantað í pott

Blómapottur úr zinki, 16 x 11 cm – og það eru líka blóm utan á. Þú getur valið um hvít og rauð eða blá og rauð blóm og balinn kostar 800 krónur.

TIGER

Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póströfu: tiger.kringlan@simnet.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Hamingja á hjólum?

VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR BURÐAST MEÐ POKA



Eins og við vitum öll er heimurinn að farast af mannavöldum. Jöklar bráðna og íshellur póla líka og allir ísbirnir deyja bráðlega út vegna þess að við viljum endilega keyra um allt á bílum og bera hlutina okkar um í plastpokum. Við höfum flest vaknað til einhverrar vitundar um sekt okkar í þessum málum og reynum af veikum mætti að stemma stigu við hamförunum sem augljóslega eru yfirvofandi. Okkur líður til að mynda aðeins betur ef við endurvinnum flöskur og fernur. Sumir fara meira að segja með tau-poka út í búð. En fæstir eru þó reiðubúinir að gefa þarfasta þjón-

inn, bílinn, upp á bátinn, enda er ansi margt í lífinu sem væri nánast ómögulegt ef hans nyti ekki við. Til dæmis að fara með tómar flöskur á endurvinnslustöð Sorpu. Svo má ekki gleyma því að vikuleg innkaup heimilisins væru erfð í framkvæmd ef bílsins nyti ekki við.

Þó eru til manneskjur sem láta sig hafa það að fara aftur og aftur fótgangandi út í búð og kaupa inn til fárra daga í einu þar sem ekki er hægt að bera svo ýkja mikið þegar aðeins útlimanna nýtur við. Til að komast hjá því víti sem er að standa í biðröð við kassa dag eftir dag telja margir því nauðsynlegt að eiga bíl, bara til að ferja allt gössið heim.

En bíðið aðeins róleg. Er virkilega ekki til neinn millivegur hér?

Stendur valið í raun og veru á milli þess að kaupa lítið og oft eða mikið og sjáldan. Væri ekki hægt að kaupa bara slatta kannski svona tvisvar-þrisvar í viku? Jú, það er vel hægt, að því gefnu að innkaupandinn sé reiðubúinn að þola augngotur og hvískur samborgara sinna. Lausnin á þessu máli er augljóslega innkaupataska á tveimur hjólum eins og húsmæður liðinna áratuga trilluðu ídulega með út í hverfisbúðina. Þessar kerrur gera innkaupendum kleift að versla inn til nokkurra daga í senn og að koma öllu gössinu heim án þess að svitna mikið né finna fyrir skjálfta í handleggjum. Nú er bara að hafa uppi á verslun sem selur slíkt undratæki; sennilega eru þær ekki margar.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli




■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Ítalskan snýr aftur

Eurovision-áhugi er náttúrulega helst tilkominn vegna tónlistaráhuga, en tungumálaáhugi spilar líka inn í. Þegar keppendum var skylt að syngja á sínu heimatungumáli var það í eina skiptið á árinu sem margir áttu þess kost að heyra 20 eða fleiri tungumál í sjónvarpinu sínu. Reglur varðandi tungumál hafa breyst í tímans rás en frá því árið 1999 hafa keppendur getað sungið á hvaða tungumáli sem þeir kjósa. Meira en helmingur hefur því ár hvert sungið á ensku enda hefur það gefist vel: serbneska lagið í fyrra var fyrsta sigurlagið sem ekki var sungið á ensku síðan reglum var breytt.

Ítalir lentu í fjórða sæti árið 1997. Það fannst þeim alveg glataður árangur enda hafði lagið sigrað í San Remo-keppninni, fyr-

irrennara Eurovision. Ítölum fannst fjórða sætið móðgun og fóru hreinlega í fýlu og hafa ekki tekið þátt síðan. Hið gullfallega tungumál ítalskan hefur því varla heyrst síðan í keppninni, tungumálaáhugafólki til mikillar mæðu. Nú ber svo við að tveir keppendur í ár syngja á ítölsku. San Marínó, smáríki umkringgt Ítalíu sem tekur í fyrsta skipti þátt í ár, er með lag á ítölsku líkt og fulltrúi Sviss, hjartaknúsurinn Paolo Meneguzzi, en ítalskan er eitt af tungumálunum í Sviss. Hljómsveitinni Miodio frá San Marínó er ekki spád góðu gengi en Paolo fær fínan meðbyr og er nú í fjórða sæti hjá Euro-nördunum. Lagið hans er hreinræktuð ítaliúballaða og Paolo er þulvanur og hefur oft tekið þátt í San Remo-keppninni.



SYNGUR Á ÍTÖLSKU Paolo Meneguzzi frá Sviss.



32 DAGAR TIL STEFNU

Sterkar skoðanir á myndbandi Eurobandsins

Myndbandið við This Is My Life Eurobandsins hefur vakið mikla athygli og fengið gríðarlegt áhorf á netinu. Í því fer flugþjónninn Draupnir í spor Eurovision-nörds og sýnir stórleik. Hinir eiginlegu Eurovision-nördar, sem flykkjast á þar til gerðar spjallsíður, hafa þó skiptar skoðanir á myndbandinu.

„Þetta er eins og karlkyns Sýlvía Nótt hoppandi um með aukakfló,“ skrifar Gwen frá Hollandi og bætir við: „Mér fannst Sýlvía vera æðislegur listrænn gjörningur en þessi gaur er nú bara pirrandi.“

„Ekki minn tebolli og ég bjóst við meiri klassa af Íslendingum,“ skrifar Fabio frá Argentínu. „Aðdáandahlutinn er alltof langur. Fyrst hélt ég að þessi gaur væri einn í öllu vídeóinu og að það sæist ekkert af Friðriki og Regínu, en sem betur fer horfði ég á myndbandið til enda. Ég er þó hræddur um að meðaláhorfandinn endist ekki svo lengi yfir þessu. Það er synd að Ísland skuli bætast í hóp grínatriðanna með þessu myndbandi.“

Margir taka fram að þeim finnst



PIRRANDI EÐA PRÆLFYNDIÐ? Eurovision-nördar eru mishrífir af myndbandi Eurobandsins.

lagið gott en myndbandið misheppnað, en svo eru líka margir sem ná gríninu og finnst myndbandið gott.

„Besta myndband sem ég hef séð árum saman!“ segir Stian frá Norgei. „Ég fíla lagið jafnvel ENN MEIRA og það var þegar uppáhaldslagið mitt í keppninni.“

„Ég elska þetta myndband og

breytingarnar á laginu eru æði,“ skrifar Frakkinn Barzin og Bretinn Ben bætir við: „Myndbandið sýnir að þau taka sig ekki OF alvarlega. Það er kannski aðeins of mikið af gaurnum en myndbandið er samt þrælfyndið, sérstaklega stelpuhárkollan og diskókúlan í endann. Reykjavík 2009!“ - glh



DEPP OG PARADIS Leikarinn Johnny Depp segir að Vanessa Paradis hafi breytt lífi sínu.

Paradis til bjargar

Leikarinn Johnny Depp segir að kærasta sín, Vanessa Paradis, hafi bjargað lífi sínu. Depp eyddi stórum hluta æsku sinnar í að prófa hin ýmsu eiturlyf og hélt hann iðju sinni áfram er hann komst á fullorðinsár.

Hann segir að eftir að hann kynntist Paradis árið 1998 hafi líf hans breyst til mikilla muna.

„Eftir að ég kynntist Vanessa breyttist ég gífurlega. Það var eins og að vakna upp af martröð og allt birti til eins og á sólskinsríkum morgni,“ sagði Depp. „Fæðing barnanna okkar var yndisleg. Fyrir mér var hún sönnun fyrir því að það hlýtur að vera til guð eða einhver annar æðri máttur.“

Depp og Vanessa eiga saman tvö börn, hina átta ára Lily-Rose og John sem er sex ára.

af Alliance Française í Reykjavík

Bonjour!

LÆRÐU AÐ TALA FRÖNSKU

Innritun hafin í síma 552 3870

FRÖNSKUNÁMSKEIÐ

Frá 28. apríl til 10. júní 2008

www.af.is - alliance@af.is

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARDARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

PRJÁR SÍÐUSTU SÝNINGAR Á ÁST

Míðasala 568 8000
www.borgarfeikhus.is

Í samstarfi við Vестurport

17 - 18 - 24 - 30. apríl
kl 20.00 alla daga

REGNBÖGINN 11. - 30. APRIL

BIO-DAGAR GRÆNA LJÓSSINS

3 VIKUR 12 KVIKMYNDIR

DAGSKRÁ OG MÍÐASALA Á MÍBLÍE
ALLAR UPPLÝSINGAR Á GRÆNALJÓSI.ÍS

REGNBÖGINN græna ljósið

GÍTARINN

HLJÓDFÆRAVERSLUN

Opn Mán-Fös: 10-18
Lau: 11-16

Þjóðlagagítar

m/Pick-up & innb. stillitæki

10W Magnari • Poki • Öl Snúra • Auka strengjasett eMedia kennsluforrit í tölvu

Kr. 39.900,-

Verð áður kr. 58.770,-

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

Megas tekur Stínu og Maríu

Megas og Senuþjófarnir náðu svo vel saman að það dugði ekkert minna en tvær plötur á síðasta ári, verðlaunaplötur Frágangur og Hold er mold. Enn eru menn í miklu stuði og í júní er von á plötunni Á morgun með Megasi og Senuþjófunum. Á plötunni verða eingöngu tókulög.

„Það kom til mín Megasaraðdandi sem vildi endilega leyfa mér að heyra upptöku með Megasi og Stuðmönnum úr Húsdýragarðinum fyrir tveim árum að spila María María,“ segir gítaristi Senuþjófanna, Guðmundur Kristinn Jónsson. „Og María kveikti svona rosalega í mér. Ég bað Megas að setja saman lista yfir lög sem hann myndi mæta með til að spila í partí og sá listi var grunnurinn að þessari plötu.“

Á plötunni syngur Megas sígild íslensk dægurlög eins og Brúna ljósin



brúna, Hagavagninn og Hvert örstutt spor. Guðmundur þvertur fyrir það að Á morgun sé plata í ætt við rútabílaþötu Magga Eiríks og KK. „Nei, nei, þetta er nú alveg rosalega langt frá þeim plötum. Megas setur svo mikla túlkun í þessi lög að þetta verða nánast algeng ný lög. „Troddu þér nú inn í tjaldið hjá mér, María María“ fær sem dæmi alveg nýja merkingu þegar Megas syngur það. Og svo breytir hann aðeins textunum, „La la la“ í Hagavagninum verður til dæmis „Ú la la“. Stína, Ó Stína er svo í alveg rosalega pönkútgáfu. Ég á eftir að sjá einhvern annan 63 ára leika það eftir.“

- glh

NÝ PLATA Í JÚNÍ Gömlu lögin endurfæðast hjá Megasi.

Verðlaun fyrir hótelhönnun

Hönnuðurinn Guðlaug Jónsdóttir og samstarfsfólk hennar hjá bandarísku stofunni Dodd Mitchell, hafa hlotið tvenn verðlaun fyrir hönnun á hóteli og heilsulind í Los Cabos í Mexíkó. Guðlaug segir verkefnið ógleymanlegt.


Dodd Mitchell-hönnunarstofan, þar sem Guðlaug er yfirhönnuður og aðstoðarforstjóri, sérhæfir sig í hönnuð hótela, veitingastaða og upp á síðkastið svokallað loft-íbúða. Hún hefur fengið tvenn verðlaun frá hinu virta tímariti Hospitality Design, en afhendingin fer fram í New York í júní.

Umrætt hótél ber heitið Cabo Azul, og er staðsett í Los Cabos í Mexíkó. Heilsulindin heitir Paz, eða friður, og er á umræddu hóteli. Guðlaug segir rómantik og mexíkóskar hefðir hafa verið hafðar að leiðarljósi við hönnun hótelsins. „Við viljum að fólkí myndist það vera í Mexíkó, en með nútímaáhrifum og fallegri lýsingu. Það væri alltaf eitthvað friðsælt og fallegt að horfa á hvert sem titið væri og öll þægindi til staðar,“ útskýrir hún. Heilsulindin, eða spa-ið, líkist því einna helst að ganga á skýi, að sögn Guðlaugar. „Þar gengurðu inn í alhvítt rými sem líkist himnaríki, og þúsundir hvíttra skelja hanga úr loftinu. Svo er líka hægt að fá nudd í sérstakri svítu undir berum himni,“ útskýrir hún.

Á hótelinu var einnig byggð kirkja, sem hlaut nafnið Corazón, eða hjarta. „Hún átti upprunalega ekki að vera til staðar, en við bættum henni við eftir að hafa verið í Mexíkó í nokkurn tíma og séð fjölda fólks koma þangað til að gifta sig,“ segir Guðlaug, en Corazón státar meðal annars af útsýni til hafins og vatnstjörn með fljótandi rósablöðum.

Guðlaug kveðst afar ánægð með þá viðurkenningu sem fólgin er í verðlaununum. „Þetta er verkefni sem ég mun aldrei gleyma og ég lifði fyrir það í eitt og hálf ár. Við settum upp skrifstofu á ströndinni, ég lærði spænsku og salsa og elddansa þegar ég átti smátíma aflögu frá teikni-borðinu,“ segir hún brosandí. „Það voru þarna hundrað manns sem biðu eftir ákvörðun frá mér á hverjum degi; smíðir og verkfræðingar, húsgagnasmíðir, kertasmíðir og sápuhönnuðir. Ég gat nefnilega ekki látið mér nægja að hanna heilsulindina, heldur þurfti líka að skipta mér af því hvernig hún lyktaði, hvernig krem væru notuð og svona,“ segir hún og hlær við. Búningar á starfsfólki hótelsins voru hins vegar í höndum annars Íslendinga, stílistans Eddu Guðmundsdóttur.

Guðlaug hefur ekki enn sagt alveg skilið við Los



ÓGLEYMANLEGT VERKEFNI Hönnuðurinn Guðlaug Jónsdóttir dvaldist í Mexíkó í eitt og hálf ár á meðan hönnun og bygging á Cabo Azul-hótelinu stóð yfir.



FLOR DE NOCHE Sundlaugarbarinn „blóm næturinnar“ er prýddur nokkurs konar listaverki úr köðlum.



FRÍÐUR Á PAZ Að ganga inni í Paz-heilsulindinni líkist því helst að ganga á skýi, að sögn Guðlaugar.

Cabos, því hún tók að sér að hanna einbýlishús fyrir eiganda hótelsins, sem enn er í byggingu. „Svo er enn þá í byggingu hundrað herbergja hótél fyrir framan Cabo Azul, sem ég er að fara að klára í næstu viku. En í þetta skiptið settum við upp sjónvarpsherbergi fyrir fundi frá Los Angeles,“ segir hún.

sunna@frettabladid.is

Hvað ef?

Hvað ef Winston Churchill hefði ekki lifað af bílslysið sem hann varð fyrir í New York 1931? Hefði heimurinn orðið öðruvísi? Það er spurningin sem leikurinn reynir að svara.

Án forystu Churchills fellur Evrópa og Bandaríkin taka ekki þátt í seinni heimsstyrjöldinni. Árið 1953 ráðast Þjóðverjar á New York og er það upphaf leiksins. Aðalsöguhetjan er Dan Carson, byggingaverkamaður sem gengur fljótt til liðs við andspyrnuhreyfinguna sem sprettur upp gegn hernámi nasistanna. Sögusvið leiksins sýnir breyttan sjötta áratug og spannar frá New York til Washington D.C. og endar á stóru sjónarspili ofan á Big Ben-turninum í London.

Á pappír lítur leikurinn vel út, hann skartar Unreal 3 grafíkvelinni sem er ein af þeim flottari á markaðnum í dag, hann býður upp á samlega fjölbreytta netspilun, og er gefinn út á PC og nýjustu

kynslóðir leikjavélanna. Það sem kemur fljótt í ljós þegar Turning Point er spilaður er að leikurinn ber sterkan keim af því að hafa verið ýtt úr hlaði talsvert áður en hann var tilbúinn.

Útlit leiksins er ekki nógu gott og það er stundum erfitt að sjá að grafíkvelin sem keyrir Unreal Tournament 3 leikinn skuli vera sú sama og í Turning Point. Þrátt fyrir að hönnun umhverfisins sé fin, þá er öll áferð flöt og litir daufr. Villur verða fljótt áberandi í leiknum og má þar til dæmis nefna óvini sem detta í gegnum umhverfið, vopn sem spilarinn á að nota sjást hvorki né virka, og rammhraðinn tekur stórar dýfur. Gervigreind andstæðinganna er slök og notar leikurinn það ódýra bragð að auka fjölda andstæðinga til að bæta upp fyrir þetta.

Það sem stendur uppi eftir að hafa spilað Turning Point, er að grunnhugmyndin var góð. Að taka „hvað ef?“ dæmi var einn af betri

TÖLVULEIKIR

Turning Point: Fall of Liberty

Kominn út á PC, PS3 og Xbox 360. PEGI: 16+ í leiknum er ofbeldi og blóð ásamt ljótu orðbragði.

★★

Góð hugmynd, en illa útfærð og óklár.

hlutunum við leikinn. Vandinn við allt þetta er að leikurinn er hlaðinn villum, og útlit hans er miðlungs og ber hann þess merki að vera hreinlega ókláraður. Sem gerir það að verkum að erfitt er að mæla með honum, sérstaklega á fullu verði.

Sveinn A. Gunnarsson

NÝTT Í BÍÓ!

ÞÉÐ VAR SPARKAÐ, TAKTU ÞVI EINS OG MAÐUR

FORGETTING SARAH MARSHALL

LUXUS

MAGNUÐ MYND BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM HÓP MEMEDA SEM SÉRHAFOU SIG Í AÐ LÆRA OG TEIJA SPILLIÐ 21 MEÐ ÞÁÐ MARKMIÐ AÐ HREINSA SPILLAVITIN Í VEGAS!

Bubbi Byggir

REGNBÖGINN 3 VIKUR 11. - 30. APRÍL 12 KVÍKMYNDIR

BIÓDAGAR GRÆNA LÍOSSINS

REGNBÖGINN 3 VIKUR 11. - 30. APRÍL 12 KVÍKMYNDIR

ELITE

TRILLINGLEGT HNEFAHÖGG Í ANDLITI!

SV, Mbl

HJ, Mbl

SMÁRRÁ BÍÓ	SÍMI 564 0000	REGNBÖGINN	SÍMI 551 9000			
FORGETTING SARAH MARSHALL	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12	TROPA DE ELITE	kl. 5:30 - 8	ENSKUR TEXTI	16
FORGETTING SARA M. LUXUS	kl. 5:30 - 8 - 10:30		LAKE OF FIRE (MYNDVAPP)	kl. 10:15	ENSKUR TEXTI	10
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 4		SURFWISE (MYNDVAPP)	kl. 6	ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL	6
21	kl. 5:20 - 8 - 10:35	12	WAR/DANCE (MYNDVAPP)	kl. 6	ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL	7
SUPERHERO MOVIE	kl. 4 - 6 - 8 - 10	7	THE BAND'S VISIT	kl. 6 - 10:20	ENSKUR TEXTI	7
VANTAGE POINT	kl. 10:20	16	BEAUFORT	kl. 8	ENSKUR TEXTI	14
HORTON	kl. 4 - 6	ISLENSKUR TAL	CARAMEL	kl. 8	ENSKUR TEXTI	8
			THE KING OF KONG	kl. 8	ISLENSKUR TEXTI	8
			BELLA	kl. 10	ENSKUR TEXTI	10
			THE AGE OF IGNORANCE	kl. 10	ENSKUR TEXTI	10

HÁSKÓLA BÍÓ	SÍMI 530 1919	BORGAR BÍÓ	SÍMI 462 3500			
AWAKE	kl. 6 - 8 - 10	16	FORGETTING SARAH MARSHALL	kl. 8 - 10	5%	12
21	kl. 6 - 9	12	BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 6	5%	6
SUPERHERO MOVIE	kl. 6 - 10	7	SUPERHERO MOVIE	kl. 6 - 8		7
DOOMSDAY	kl. 10:20	16	THE ORPHANAGE	kl. 10		16
BRÚÐGUMINN	kl. 6 - 8	7				

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞU KAUPIR BÍÓMIÐANNA midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞU BORGAR BÍÓMIÐANNA MEÐ KREDITKORTI

AUKAKRÖNUR

Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

FORGETTING SARAH MARSHALL

Bubbi Byggir

550 Kr.

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

FORGETTING SARAH MARSHALL	kl. 5.45, 8 og 10.15	12
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 6 - 550 kr.	L
THE RUINS	kl. 8 og 10	16
DEFINITELY, MAYBE	kl. 8 og 10.15	L
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 6	7

SAMBIO.is SAMBÍÓIN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

FORGETTING SARAH MARSHALL

LEGÐU ÖTTANUM

STRÁNLEGA BÖNNUÐ BÖRNEM, ALLS EKKI FYRIR VIKUAMA!

ALFABAKKA	SELFOSS	
FORGETTING SARAH...	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
FORGETTING SARAH...	kl. 8 - 10:30	VIP
P2	kl. 8:15 - 10:30	16
SHINE A LIGHT	kl. 8 - 10:30	L
SHINE A LIGHT	kl. 5:30	VIP
RUINS	kl. 8 - 10:30	16
FOOL'S GOLD	kl. 5:40 - 8 - 10:30	7
STÓRA PLANID	DIGITAL kl. 6D	10
UNDRAHUNDURINN	ISL. TAL kl. 6	L
STEP UP 2	kl. 6	7

KEFLAVÍK		
FORGETTING SARAH ...	kl. 8 - 10:20	L
FOOL'S GOLD	kl. 8	12
VANTAGE POINT	kl. 10:20	16

KRINGLUNNI		
P2	kl. 6 - 8 - 10:10	16
STÓRA PLANID	DIGITAL kl. 6D - 8D - 10D	10
JUNO	kl. 6	7
THE BUCKET LIST	kl. 8	7
10.000 BC	DIGITAL kl. 10:10	12

Óbreytt miðaverð á midi.is

Áttu erfitt með að taka ákvarðanir? Kostirnir í stöðunni eru jafn margir og þeir eru áhugaverðir. Margar ólíkar gerðir í boði, mismunandi vélarstærðir og búnaður, allt eftir því hvað hentar þér. Tökum dæmi:

BMW 318i Advantage, sjálfskiptur kr. 4.390.000

Sensatec leðuráferð, samlitur, 16" álfelgur, rafstýrt léttstýri, 6 gíra sjálfskipting, aksturstölva, lofkæling, geislaspilari, sportleðurstýri, aðgerðarstýri, þokuljós, aux tengi. Aukahlutapakki að verðmæti 640.000 kr.

BMW 3 línan



Sheer
Driving Pleasure

www.bmw.is

BMW 318i

4 dyra - 2,0l. - 143 hestöfl - 5,9 ltr./100km
9,1 sek./0-100km - 142 CO2 g/km

Frá kr. **3.750.000***

BMW 3 línan.
Þýsk gæði.
Einfalt val.



> Theodór skoraði og fékk rautt spjald

Theodór Elmar Bjarnason skoraði mark Lyn í 2-1 tapi gegn Strømsgodset í norsku úrvalsdeildinni í gærðag en hann fékk einnig að líta rauða spjaldið í leiknum. Mark Theodórs Elmars, sem kom Lyn í 0-1 á 20. mínútu, var hans fyrsta mark fyrir Lyn í norsku úrvalsdeildinni en hann fékk sitt annað gula spjald og þar með rautt á 56. mínútu í stöðunni 1-1. Heimamenn stálu svo sigrinum með marki á 90. mínútu. Indriði Sigurðsson var í byrjunarliði Lyn í leiknum og lék allan leikinn. Lyn er sem stendur í 6. sæti deildarinnar með sex stig, þremur stigum á eftir toppliði Viking þegar flest lið hafa leikið fjóra leiki.

sport
sport@frettabladid.is



ÁRNI ÞÓR SIGTRYGGSSON: HEFUR EKKERT VERIÐ INNI Í MYNDINNI HJÁ GRANOLLERS Í SPÆNSKU ÚRVALSDEILDINNI: Hef ekkert fengið að spila hjá nýja þjálfaranum

Handboltakappinn Árni Þór Sigtryggsson gekk í raðir Granollers í spænsku úrvalsdeildinni í handbolta síðasta haust, eftir að hafa leikið með Þór Akureyri og Haukum í efstu deild á Íslandi. Akureyringurinn hefur hins vegar lítið fengið að spreya sig með spænska liðinu undanfarið. Árni Þór kvaðst því ekkert allt of sáttur með stöðu mála þegar Fréttablaðið heyrði hljóðið í honum í gær.

„Þetta gekk ágætlega framan af á meðan ég var að spila og liðinu gekk ágætlega í Evrópukeppninni en svo var þjálfari liðsins rekinn um áramótin og ný þjálfari hefur ekkert leyft mér að spila. Ég er auðvitað ekki sáttur við það en get lítið gert í því nema að halda áfram að leggja mig fram á æfingum og sjá hverju það skilar mér,“ sagði Árni Þór sem samdi við Granollers til tveggja ára síðasta haust.

„Ég er með samning við félagið út næsta tímabil og ég ætla því bara að halda ró minni og sjá til hvernig málin þróast eftir þetta tímabil.“



Ef sami þjálfari verður áfram með liðið mun ég eflaust eiga nokkur orð við stjórn félagsins og fá það á hreint hvort ég sé eitthvað inni í myndinni hjá félaginu eða hvað,“ sagði Árni Þór sem útilokar ekki að snúa heim á leið ef allt fer á versta veg og hann myndi reyna að fá sig lausan frá spænska liðinu.

„Það eru enn nokkrir leikir eftir af þessu tímabili og það verður bara að koma í ljós hvað verður um mig. Auðvitað heldur maður alltaf öllum spennandi möguleikum opnum og það eru vissulega spennandi félög á Íslandi eins og annars staðar,“ sagði Árni Þór sem er að öðru leyti sáttur við lífið í Granollers sem er borg í Katalóníu-héraði skammt frá Barcelona.

„Ég kom auðvitað hingað til þess að spila handbolta og vonast til þess að fá tækifæri til þess en annars kann ég vel við lífið utan vallar í Granollers og það er líka stutt að keyra til Barcelona,“ sagði Árni Þór að lokum.

Verður gaman að mæta Beckham

Teitur Þórðarson er afar sáttur við lífið hjá Vancouver Whitecaps og náði að sigra í sínum fyrsta deildarleik með félaginu á dögnum. Whitecaps mætir David Beckham og félagum í LA Galaxy í sýningarleik í maí.

FÓTBOLTI Skagamaðurinn Teitur Þórðarson byrjar vel sem þjálfari Vancouver Whitecaps í USL-deildinni í fótbolta og kann vel við lífið í Kanada.

Teitur tók við Whitecaps í lok síðasta árs og skrifaði þá undir tveggja ára samning við félagið og er smátt og smátt að átta sig á því hvernig hlutirnir ganga fyrir sig í Kanada.

„Ég er náttúrulega ekki búinn að hafa langan tíma til þess að vinna með liðinu en ég er mjög sáttur við leikmannahóp minn. Þetta eru tæknilega góðir leikmenn og eru ívið betri en það sem maður þekkir frá Skandinavíu og Íslandi. Þetta er hins vegar allt öðruvísi fótbolti sem er spilaður hér og ég komst líka að því að undirbúningi fyrir tímabil er allt öðruvísi hátt- að hér í Kanada en það sem maður á að venjast heima á Íslandi,“ sagði Teitur.

Skortur á verkefnum

„Það er miklu meira frí yfir vetrartímann hér úti vegna skorts á verkefnum fyrir liðin og leikmennirnir byrja ekkert að æfa á fullu fyrr en í febrúar. Þetta stendur nú að einhverju leyti til bóta með tilkomu Canada Cup þar sem þrjú sterkustu liðin í Kanada, þar á meðal Vancouver Whitecaps, keppa innbyrðis og sigurvegarinn vinnur sér þátttökurétt í Meistaradeild N-Ameríku. Þátttaka í þeirri keppni myndi auðvitað leysa þennan vanda og það yrði nóg af leikjum yfir vetrartímann,“ sagði Teitur sem stýrði Whitecaps til sigurs í sínum fyrsta deildarleik á dögnum.



SÁTTUR Teitur Þórðarson er mjög sáttur í Kanada og hlakkar mikið til þess að takast á við spennandi tímabil með Vancouver Whitecaps í USL-deildinni. Teitur er hér við hlið Bobs Lenarduzzi, forseta Vancouver Whitecaps, á blaðamannafundi. WHITECAPS

„Deildin verður örugglega mjög spennandi og skemmtileg og það eru krefjandi verkefni fyrir höndum. Við erum annað af tveimur liðum í USL-deildinni sem koma frá Kanada, annars eru níu lið frá

Bandaríkjunum og eitt frá Púertó Ríkó. Það er því mikið um erfið ferðalög og ég held að lengsta flug okkar í leik taki einhverja fjórtán tíma. Ferðirnar eru því gjarnan nýttar til þess að spila nokkra leiki

í senn og geta því tekið tvær vikur. Annars fer þetta vel af stað og ég er mjög ánægður með 1-0 sigur í fyrsta leik gegn Montreal Impact sem er talið eitt af tveimur til þremur sterkustu liðunum í USL-deildinni og er ásamt okkur að undirbúa sig til þess að taka stökkið upp í MLS-deildina,“ sagði Teitur.

Peningarnir ráða

MLS-deildin er stærsta deildin í Norður-Ameríku. Þar spila stærstu stjórnurnar og það er hægara sagt en gert að gerast aðili að henni og það tekst ekki einungis með góðu gengi innan vallar.

„Þetta snýst fyrst og fremst um peninga. Þetta er kannski ekki ósvipað NBA-deildinni með það að gera að það fellur ekkert lið úr deildinni og ný lið sem bætast við deildina þurfa að eiga alvöruleikvang og keppnislið og nægt fjármagn á bak við sig. Forráðamenn Whitecaps eru með það á stefnuskránni hjá sér að vera búnir að haga hlutunum þannig að félagið geti gert tilkall til þátttökuréttar í MLS-deildinni árið 2011 og nú þegar er verið að skoða byggingu á nýjum leikvelli,“ sagði Teitur sem fær að finna smjörþefinn af MLS-deildinni þegar hann stýrir liði sínu í sýningarleik gegn LA Galaxy í byrjun maí.

„Það er strax farin að myndast mikil stemning fyrir leiknum og 30 þúsund miðar hafa þegar verið seldir. David Beckham er náttúrulega langstærsta stjarnan í MLS-deildinni og það verður gaman að mæta honum.“

omar@frettabladid.is



VEKUR ÁHUGA Útsendarar tíu til fimmtán stórlíða sáu Veigar Pál fara á kostum gegn Brann í fyrradag. STABÆK

Veigar Páll undir smásjóni:

10-15 stórlíð skoða Veigar

FÓTBOLTI Samkvæmt norska blaðinu Dagbladet horfðu útsendarar tíu til fimmtán stórlíða á Veigar Pál Gunnarsson eiga frábæran leik í 3-0 sigri Stabæk á Noregsmeisturum Brann í fyrradag.

Heimildarmenn blaðsins telja sig vita fyrir víst að útsendarar frá ensku liðunum Bolton og Blackburn, frönsku liðunum Nantes, Monaco og St. Etienne, tyrkneska liðinu Trabzonspor, nýkrýndum Hollandsmeisturum PSV og ítalska liðinu Parma hafi verið á leiknum sérstaklega til að fylgjast með Veigari Páli.

Veigar Páll lýsti því yfir í viðtali við Nettavisen fyrir helgi að tímabilið í ár gæti orðið hans síðasta hjá Stabæk en spurður út í hvort hann hafi vitað af fjölda útsendara erlendra liða á leiknum gegn Brann kom Veigar Páll af fjöllum.

„Ég vissi ekkert um neitt slíkt, en ef rétt reynist þá er það bara hið besta mál,“ sagði Veigar Páll í samtali við Dagbladet í gær. - óþ


Bæjarmálarásfundur
á Strandgötu 11 í Hafnarfirði
kl. 19:30
www.vg.is

Allar gerðir iðnaðarprentara og álimingarvéla.

Límniðarprentarar, álimingarvélar, filmuprentarar, bleksprautuprentarar, kassaprentarar og laserprentarar. Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir.



Vélmark ehf.

upplýsingar í síma: 445-9930.

Sigur Keflavíkur á Snæfelli í fyrradag var sá naumasti í fyrsta leik lokaúrslita karla í fjórtán ár:

Lykilleikurinn í einvígínu er í kvöld

KÖRFUBOLTI Það var mikil spenna í Toyotahöllinni í Keflavík á laugardaginn þegar fyrsti leikur lokaúrslita Iceland Express-deildar karla fór fram. Heimamenn í Keflavík höfðu þar tveggja stiga sigur, 81-79. Síðasta stig Keflvíkinga kom á vítalínunni sekúndu fyrir leiklok eftir að Snæfellingum hafði mistekist að nýta síðustu sókn sína. Hvorugt liðið náði meira en sjö stiga forystu í leiknum og munurinn var því aldrei mikill á liðunum sem lofar góðu um jafnt og spennandi einvígi.

„Þetta verður líf og fjör. Við erum búnir að spila fjórum sinnum við þá í vetur og allir leikirnir hafa verið jafnir og spennandi og ég á ekki von á því að það breytist í þessu einvígi,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, í samtali við Fréttablaðið í gær og Geof Kotla, þjálfari Snæfells, tók í sama streng.

„Leikirnir gegn Keflvíkingum í vetur hafa verið mjög jafnir og ráðist á lokasekúndunum en þrjár af fjórum þeirra hafa fallið með þeim og við verðum augljóslega að breyta því. Leikurinn á morgun [í dag] er lykilleikur í einvígínu og við verðum hreinlega að vinna hann,“ sagði Kotla.


Það eru liðin fjórtán ár síðan fyrsti leikur í lokaúrslitum vannst með svo litlum mun. Það var árið 1994 þegar leikur Grindavíkur og

Njarðvíkur fór alla leið í framlengingu. Grindavík vann þá 110-107 sigur á Njarðvík í Röstinni í Grindavík en leikurinn var þó langt frá því að vera jafn framan af því Grindavík var 23 stigum yfir í hálfleik. Njarðvík vann sig inn í leikinn og það voru síðan Grindvikingar sem tryggðu sér framlengingu á endanum. Þar náðu þeir loks að landa sigrinum en svo fór að Njarðvíkingar tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri í Grindavík í oddaleiknum.

Þetta er líka aðeins í þriðja sinn sem opunarleikur úrslitaevnigisins hefur byrjað á svo naumum sigri en í fyrstu úrslitakeppninni fyrir 24 árum unnu Njarðvíkingar tveggja stiga sigur á Val, 61-59, í fyrsta leik. Sturla Örylgsson tryggði Njarðvík sigurinn í þeim leik með körfu þremur sekúndum fyrir leiklok eftir að Njarðvíkurliðið hafði mest lent 15 stigum undir í leiknum og aldrei verið yfir nema í umræddar þrjár síðustu sekúndur leiksins. Það munaði reyndar bara sekúndum í fyrsta leik lokaúrslitanna árið 2000 þegar Pétur Guðmundsson tryggði Grindavík sigur með þriggja stiga körfu um leið og flautan gall.

- 66j

ALLT UNDIR Hvorugt lið gaf tomму eftir í Sláturhúsinu í Keflavík í fyrradag.



Endurvinnum – umhverfisins vegna



Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.

Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



BARÁTTA Tim Duncan og félagar í San Antonio lögðu Shaq og féлага í Phoenix að velli í fyrrið. NORDIC PHOTOS/GETTY

Úrslitakeppni NBA:

Meistararnir byrjuðu á sigri

KÖRFUBOLTI Úrslitakeppni NBA-deildarinnar hófst með látum í fyrrið þar sem flestra augu voru á viðureign San Antonio Spurs og Phoenix Suns. Eins og við var að búast var leikurinn bráðskemmtilegur og æsispennandi og svo fór að San Antonio sigraði 117-115 eftir tvíframlengdan leik. Staðan var jöfn 93-93 í lok fjórða leikhluuta og 104-104 eftir framlengingu. Tim Duncan fór fyrir meisturinum með 40 stig og 15 fráköst og hann var að vonum sáttur í leikslok.

„Þetta var bara fyrsti leikurinn í fyrsta einvíginu okkar í úrslitakeppninni en mér finnst eins og þetta sé lokaúrslitarimma. Það er enn langt í land og við verðum að fá enn meiri orku og hraða í okkar leik,“ sagði Duncan. Hjá Phoenix var Amare Stoudemire atkvæðamestur með 33 stig og sjö fráköst en Shaquille O'Neal var aðeins með 11 stig.

Utah Jazz vann Houston Rockets 82-93 og var eina liðið til þess að vinna á útivelli í fyrsta leik. LeBron James og félagar í Cleveland Cavaliers sigruðu Washington Wizards 93-86 og New Orleans Hornets lögðu Dallas Mavericks 104-92.

- óþ

Knattspyrnutímaritið Four Four Two birti lista yfir 100 bestu erlendu leikmenn sem leikið hafa á Bretlandi:

Eric Cantona besti erlendi leikmaðurinn

FÓTBOLTI Í nýjustu útgáfu knattspyrnutímaritsins Four Four Two má finna skemmtilega úttekt á því hverjir séu 100 bestu erlendu leikmennirnir sem hafa leikið á Bretlandseyjum. Eric Cantona, fyrrum leikmaður Manchester United og Leeds, er í efsta sæti listans en Íslendingar eiga einn fulltrúa, Eir Smára Guðjohnsen í 59. sæti.

Valið á 100 bestu erlendu leikmönnum er byggt á skoðanaskönnun sem tímaritið gerði meðal fótboldastuðningsmanna á Bretlandseyjum og viðtölum við breska sparspekninga en ritstjórar tímaritsins höfðu vitanlega áhrif á lokagerð listans. Í útskýringum á því hvernig valið fór fram og hvernig skipað var í sætin segir jafnframt að ritstjórn tímaritsins hafi tekið þar tvennt sérstaklega í reikninginn. Annars vegar áhrif viðkomandi leikmanns á félag sitt og hins vegar farsæld hans með félaginu, sem telst meðal annars í fjölda sigurleikja og titla.

Nafn Cantona enn sungið

Það er skemmt frá því að segja að hinn franski Eric Cantona er í efsta sæti lista Four Four Two en hann var lykilmáður í að hjálpa

Á MEÐAL PEIRRA 100 BESTU Gianfranco Zola og Eir Smári Guðjohnsen eru báðir á lista Four Four Two. NORDIC PHOTOS/GETTY



KÓNGURINN Það þarf ekki að koma á óvart að snillingurinn Eric Cantona sé estur á lista Four Four Two yfir 100 bestu erlendu leikmennina sem spilað hafa á Bretlandi en auðvitað má alltaf deila um val á lista sem þessum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Manchester United að ná yfirráðum í ensku úrvalsdeildinni og vann þar þrjá deildartitla og tvo FA-bikara á fjór- og hálfu ári hjá félaginu. Hann lagði skóna óvænt á hilluna árið 1997, þá aðeins 31 árs gamall, þegar hann fór að einbeita sér að leiklist og strandarféttbolta. En aðdáendur United munu

seint gleyma leiðtogahæfileikum, snilli og ódrepanði sigurveila Cantona.

„Ég er mjög stoltur að því að aðdáendur United séu enn að syngja nafn mitt á Old Trafford en ég hræðist jafnframt þegar það mun enda. Ég hræðist það vegna þess að ég elska það og allt sem þú elskar, ertu hræddur um að missa,“ sagði Cantona.

Eir Smári Guðjohnsen er eins og segir í 59. sæti listans og þar í

góðum félagsskap en í næstu sætum á eftir honum eru Dimitar Berbatov, framherji Tottenham, í 60. sæti og Carlo Cudicini, markvörður Chelsea, í 61. sæti.

„Klassaframherji sem liggur gjarnan í holunni fyrir framan miðjumennina og myndaði banvænt tvíeyki með Jimmy-Floyd Hasselbaink hjá Chelsea.

Nokkur umræða hefur sprottið upp nýverið um hvort erlendir leikmenn á Bretlandseyjum séu búnir að yfirtaka breskan fótbolta og þá helst ensku úrvalsdeildina og það geri að verkum að ungir enskir leikmenn fái ekki tækifæri með liðum sínum. Ítalski snillingurinn Gianfranco Zola, fyrrverandi leikmaður Chelsea sem er númer fimm á lista Four Four Two, telur að svo geti vel verið.

Magn umfram gæði

„Ég tel að núna í dag séu of margir erlendir leikmenn í ensku úrvalsdeildinni og lögmálið virðist vera þannig að fjöldinn ræður frekar en gæði leikmannanna. Það eru of margir miðlungsgóðir erlendir leikmenn sem eru að taka pláss í byrjunarliðum þar sem ungir og efnilegir enskir leikmenn gætu annars verið. Þetta er ekki góð þróun og eitthvað sem þarf að skoða,“ sagði Zola í viðtali við Four Four Two.

- óþ

TOPP TÍU AF HUNDRAD

1. Eric Cantona (Frakkland)
2. Dennis Bergkamp (Holland)
3. Thierry Henry (Frakkland)
4. Henrik Larsson (Svíþjóð)
5. Gianfranco Zola (Ítalía)
6. Peter Schmeichel (Danmörk)
7. Ossie Ardiles (Argentína)
8. Cristiano Ronaldo (Portúgal)
9. Jürgen Klinsmann (Þýskaland)
10. Patrick Vieira (Frakkland)

LIÐ TÆKNIFRÆÐINEMA ÚR HR SIGRAR Í HÖNNUNARKEPPNI VERKFRÆÐIDEILDAR HÍ

Lið vél- og orkutæknifræðinema úr HR sigraði með yfirburðum í árlegri hönnunarkeppni véla- og iðnaðarverkfræðiskorar við verkfræðideild HÍ sem haldin var þann 1. febrúar sl. Liðið fékk fullt hús stiga í báðum umferðum við gríðarlegan fögnuð áhorfenda.

Í ár kepptu 11 lið og er lið „strákanna okkar“ eitt fárra liða þar sem hugvitið bak við hönnunina kom úr öðrum skóla en HÍ. Í sigurliðinu voru Stefán Þór Bjarnason, Kristján Finnur Sæmundsson, Kristján Arnór Grétarsson, Valdimar Ómarsson og Hjörtur Már Gestsson.

MBA-LIÐ ÚR HR VINNUR BRONSVERÐLAUN Í ALPJÓDLEGRI SAMKEPPNI Í BANGKOK

Keppnislið frá MBA-náminu í Háskólanum í Reykjavík vann til bronsverðlauna í alþjóðlegri samkeppni í gerð viðskiptaáætlana sem fram fór í Bangkok á Taílandi.

Yfir 100 af bestu viðskiptaháskólum heims sendu lið í keppnina en í janúar sl. var lið MBA í HR valið eitt af 16 liðum til að fara til Bangkok í úrslitakeppnina. Liðið tryggði sér sæti í undanúrslitum og hafnaði liðið í 3.-4. sæti, sem verður að teljast stórkostlegur árangur.



Það var Viðskiptaháskólinn í Árósum sem hampaði gullverðlaunum í keppninni og í öðru sæti varð lið frá Indian Business School. Viðskiptaáætlun liðs MBA-nemenda í HR byggir á nýtingu tækninýjunga sem er þróunarvinna nemenda í tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík og unnið er að í frumkvöðlafyrirtækinu Eff2 Technologies. Eff2 Technologies er starfrækt innan nýsköpunarmiðstöðvarinnar Klaks.

Komum, sáum, sigruðum

Lið Háskólans í Reykjavík hafa náð frábærum árangri á síðustu mánuðum. Þann árangur má þakka miklum metnaði, þrotlausri vinnu og viljanum til að láta góðar hugmyndir verða að veruleika.

Háskólinn í Reykjavík kappkostar að skapa nemendum sínum bestu mögulegu aðstöðu til að vinna að metnaðarfullum verkefnum og veita þeim menntun sem gerir þeim kleift að skara fram úr og láta drauma sína rætast.

Framtíðin er HR.

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

> Angelina Jolie

Jolie er mikil baráttukona fyrir mannréttindum en þegar hún var spurð hvernig ætti að verja tekjum sínum svaraði hún: „Sparaðu einn þriðja, lífðu á einum þriðja og gefðu einn þriðja.“ Jolie leikur ásamt eiginnmanni sínum Brad Pitt í Mr. and Mrs. Smith á Stöð 2 bíó.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** MINNIST GAMALLA VINA

Bless Cunnilingus og Fellatio

Fallnir eru frá bræðurnir Cunnilingus og Fellatio. Blessuð sé minning þeirra. Ég geri mér núna grein fyrir því að ég syndi þeim aldrei þá virðingu sem þeir áttu skilda. Í æðum þeirra rann blátt blóð og þeir hefðu bæði átt að fá betri mat og hreinna vatn til að synda í. Ég hefði átt að kaupa handa þeim skrautlegan neðansjávarkastala og setja upp straumpumpu, en ég timdi því aldrei. Ég heilsaði þeim ekki á morgnana og ég kyssti þá ekki góða nótt á kvöldin. Núna er það of seint.

Maður er nefndur David Attenborough. Þarfnast ekki frekari kynningar. Kallinn er svo góður að eftir að ég horfði á endurtekinn þátt af Animal Planet um fiska fékk ég dúndrandi mórál yfir því hvernig ég hafði komið fram við gullfiskana mína í gegnum tíðina. Ég hef átt nokkuð marga. Móður og Másandi sultu í hel þegar ég ákvað að verja nokkrum dögum í Evrópu. Dökkur og Dekkri þoldu ekki tilraun með heimatilbúið fæði. Stuttur og Styttri dóu daginn eftir að ég keypti þá, sennilega

vegna þess að ég gleymdi þeim í hanskahólfinu um nóttina.

Sadó og Masó hurfu sporlaust og hef ég kött nokkurn grunaðan um að tengjast hvarfi þeirra, en mér hefur hingað til ekki tekist að finna nægilega haldgóðar sannanir til að réttlæta handtöku.

Sá gamli hreyfði sem sagt við mér og ætla ég að bæta ráð mitt. Fleiri gullfiskar verða samt ekki keyptir, það er fullreynt með það.

Tvær risavaxnar köngulær ráða ríkjum utan á húsinu mínu. Árum saman hef ég fylgst með lífsbaráttu þeirra sumarlangt. Eina inngripid af minni hálfu er þegar ég hef myrt syni þeirra og dætur sem í ævintýraleit hafa hætt sér inn á stofugólfið mitt. En ekki lengur. Þetta árið eru afkomendur þeirra velkomnir og þeirra mun biða skál af heitu hunangi.



EKKI MISSA AF



► **17.45 Ensku mörkin**
STÖÐ 2 SPORT 2



► **19.50 Snæfell-Keflavík**
STÖÐ 2 SPORT



► **20.20 American Idol** STÖÐ 2



► **21.00 Jericho** SKJÁREINN



► **21.15 Lost** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Tákn málsfréttir
17.30 Kappflugið í himingimnum
17.53 Skritin og skemmtileg dýr
18.00 Gurra grís
18.06 Lítil prinsessa
18.17 Herramenn
18.30 Út og suður
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 Ný Evrópa með augum Palins (1:7)

► **21.15 Lífsháski** (Lost) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktu eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

22.00 Tíufréttir
22.20 Sportið Í þættinum verður farið yfir íþróttaviðburði helganna, innlenda sem erlenda.

22.45 Hvarf (8:8) (Cape Wrath) Breskur spennuflokkur með úrvalsleikurum. Fjölskylda flyst í smábæ undir fólksu nafni en það getur verið erfitt að flytja fortíðina. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.40 Spaugstofan
00.05 Kastljós
00.40 Dagskrárlök

BÍÓ

06.15 Cabin Pressure
08.00 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate events
10.00 Iron Jawed Angels
12.00 Bee Season
14.00 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate events
16.00 Iron Jawed Angels
18.00 Bee Season
20.00 Cabin Pressure
22.00 Mr. and Mrs. Smith Gamansöm glæpamynd.
00.00 Touching the Void
02.00 Kin
04.00 Mr. and Mrs. Smith

STÖÐ 2

07.00 Justice League Unlimited
07.25 Ofurhundurinn Krypto
07.50 Kalli kanína og félagar
08.10 Oprah
08.50 Í finu formi
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 La Fea Más Bella
10.10 Standoff (1:18)
11.15 Extreme Makeover. HE (9:32)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Neighbours (Nágrannar)
13.10 Numbers (11:24)
13.55 It's Always Sunny In Philadelphia (7:7)
14.35 Pieces of April
15.55 Háheimar
16.18 Leðurblókumaðurinn
16.43 BeyBlade
17.08 Tracey McBean
17.23 Funky Walley
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours (Nágrannar)
18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag og íþróttir
19.30 The Simpsons (16:22)
19.55 Friends (7:24) (Vínir 7)

► **20.20 American Idol** (31:42) Bandaríska útgáfan af Idol-Stjómuleit er vinsælasti sjónvarpsviðburður í heimi. Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjómuna en fram að þessu hafa sigurvegarar kepptir og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn og selt milljónir platna. Dómaramir Simon Cowell, Paula Abdul og Randy Jackson eru á sínum stað, rétt eins og kynniinn Ryan Seacrest.

21.05 American Idol (32:42)
21.50 Crossing Jordan (17:17)
22.35 Man Stroke Woman (6:6)
23.05 Heartlands Ljúfsár og fyndin bresk gamanmynd frá þeim sama og gerði smellið East is East.
00.35 Shark (6:16)
01.20 I'm not Rappaport
03.30 Pieces of April
04.50 Thief (3:6)
05.35 Fréttir og Ísland í dag
06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SPORT

besta sætið

07.00 Spænski boltinn (Racing - Real Madrid)

16.50 PGA Tour 2008 Útsending frá Verizon Heritage-móttinu í golfi en þangað mættu margir af bestu kylfingum heims.

► **19.50 Iceland Express-deildin 2008** (Snæfell - Keflavík) Bein útsending frá leik í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar í körfubolta.

21.35 Þýski handboltinn Öll helstu tilþrifu úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.

22.15 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.

23.00 Inside Sport (Gianfranco Zola / Bernard Hopkins) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamann úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.

23.25 World Supercross GP Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á Ford Field í Detroit.

00.20 Iceland Express-deildin 2008 (Snæfell - Keflavík)

SPORT 2

enski boltinn

07.00 Man. City - Portsmouth

16.05 Newcastle - Sunderland

► **17.45 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

18.45 PL Classic Matches (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Leikir Liverpool og Arsenal var fin skemmtun þar sem Paul Ince skoraði tvö mörk fyrir Liverpool.

19.15 Wigan - Tottenham

21.00 Ensku mörkin

22.00 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

22.30 Blackburn - Man. Utd.

SKJÁREINN

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Óstöðvandi tónlist

16.45 Vörutorg

17.45 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

18.30 Jay Leno (e)

19.15 Svalbarði (e) Spriklandi ferskur skemmtiþáttur í umsjón Þorsteins Guðmundssonar sem fær til sín góða gesti. Hljómsveitin Svalbarði spilar dillandi dans-tónlist ásamt söngkonunni Ágústu Evu Erlendsdóttur sem einnig bregður sér í ýmis gervi ásamt Þorsteini í nýstárlegum leiknum atriðum.

20.10 One Tree Hill (11:18) Það stýttist í brúkaupið hjá Lucas og Lindsey og þau freista þess að bjarga hjónabandi Nathans og Haley. Brooke reynir að koma Peyton á deit með gömlum kæresta og kunnugleg andlit snúa aftur til þæjarinnar.

► **21.00 Jericho** (4:7) Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandarískum smábæ sem einangraðist frá umheiminum eftir kjarnorkuárásir á bandarískar borgir. Hawkins er í símasambandi við dularfullan mann sem virðist vita öll hans leynarmál. Hringurinn þrengist um Hawkins og hann þarf að fá Jake og Heather til að hjálpa sér að afmá spor sín. Mími kemst að því að peningar hafa horfið úr vörslu yfirvalda en það á eftir að draga dilk á eftir sér.

21.50 C.S.I. (8:17) Bandarískir þættir um stórf rannsóknardeildar Las Vegas-borgar. Hodges sviðsetur morðmál svo tæknimennirnir á rannsóknarstofunni fái tækifæri til að afa sig. Skemmtileg morðgáta þar sem morðinginn er einn þeirra.

22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

23.25 Brotherhood (e)

00.15 C.S.I.

01.05 Vörutorg

02.05 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttá vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á Sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



polir fartölvan þín árekstur?

Lenovo ThinkPad fartölvur

Þann 31. janúar 2007 var Lenovo ThinkPad fartölvu keyrt á vegg á 56km/h. Eftir áreksturinn var hægt að kveikja á tölvunni og öll gögn héldust óskemmd. Lenovo ThinkPad fartölvur búa yfir innbyggðri magnesíum veltigrind sem ver vélbúnað og skjá tölvunnar. Þessi tækni sér til þess að þótt fartölvur verði fyrir miklu höggi haldast öll gögn óskemmd.

Hafðu samband við ráðgjafa Nýherja, í síma 569 7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lausnir@nyherji.is.



NÝHERJI

NÝHERJI hf. sími 569 7700 www.nyherji.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.50

Crossing Jordan

Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2. Þar höldum við áfram að fylgjast með störfum réttarlæknisins dr. Jordan Cavanaugh og félaganna hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston. Þættirnir eru úr smíðju þeirra sömu og framleiða Las Vegas.



VIÐ MÆLUM MED

Ný Evrópa með augum Palins

Sjónvarpið kl. 20.15

Í þessum breska myndaflokki fer leikarinn Michael Palin úr Monty Python-hópnum um 20 lönd í Mið-, Austur- og Suðaustur-Evrópu sem hafa nýlega gengið í, eða eru við það að ganga í Evrópusambandið. Palin kynnir sér sögu og menningu og litur glöggu gestsauga á venjur heimamanna á hverjum stað.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.05 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfregni
- 06.50 Bæn
- 08.00 Morgunfréttir
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregni
- 10.13 Stefnumót
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregni
- 12.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 13.00 Vítt og breitt
- 14.03 Bak við stjórnurnar
- 15.03 Útvarpsagan: Sjosja
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregni
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Stjórnumkikir
- 21.20 Kvika
- 22.07 Veðurfregni
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Afsprengr
- 23.10 Lárétt eða lóðrétt
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks

16.30 Hollyoaks

17.00 Falcon Beach

17.45 Wildfire (5:13) Þriðja þáttaröðin um hana Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.

18.30 The Class (3:19)

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

20.00 Falcon Beach

20.45 Wildfire (5:13)

21.30 The Class (3:19) The Class er bráðskemmtilegur nýr gamanþáttur úr smíðju þeirra sem framleiddu Friends og Mad About You.

22.00 Cold Case (13:18)

22.45 Big Shots (7:11)

23.25 Curb Your Enthusiasm (3:10)

23.50 Entourage (2:20)

00.15 American Dad (8:23)

00.40 Comedy Inc. (11:22)

01.05 Kenny vs. Spenny 2 (3:13)

01.35 Sjáðu

02.00 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Mér finnst... Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Kvenréttindi, stelsýki, kertaljós og kynferðisofbeldi eru meðal umræðuefna þáttarins. Gestir eru Elísabet Jökulsdóttir og Björk Jakobsdóttir ásamt leynigesti.

21.00 Mæður og dætur Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir veltir fyrir sér sambandi mæðgna ásamt gestum sínum

21.30 Jón Kristinn Umsjónarmaður er Jón Kristinn Snæholm. Hann ræðir við gest sinn um málefni liðandi stundar.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 21 Søndag 10.50 Enhedslisten 11.15 OBS 11.20 Saras køkken 11.50 Søren Ryge præsenterer 12.20 Og det var Danmark... 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 13.50 Family Guy 14.15 SKJUM TV 14.30 Den lyserøde Panter 14.35 Naruto 15.00 Troldspejlet 15.15 Robotboy 15.30 Tigerdyret og Plys 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Supernabo 18.00 Naturens dyrebørn 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 20.20 Sportlyt 20.25 Kriminalkommissær Clare Blake: Black Dog 21.35 Truslen fra dybet 22.15 Seinfeld 22.35 Smagsdommerne

NRK1

7.55 Frokost-tv 10.00 NRK nyheter 10.10 Camilla Plum i hagen 10.40 Grosvold 11.25 Apen himmel: Veier til tro 11.55 Urter 12.10 Med hjertet på rette staden 13.00 Newton 13.30 Kim Possible 13.55 Frokost til middag 14.05 H2O 14.30 Supermusikk 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Mine venner Tigergut og Brumm 16.25 Bali 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Bedre puls 17.55 Faktor 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Gynekologen i Askim 20.30 Store Studio 21.00 Kveldsnytt 21.15 Columbo 22.45 Nytt på nytt 23.15 Kulturnytt 23.25 Sport Jukeboks 1.00 Country jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Agenda 11.00 Sportspeglin 11.55 Sjösälavár 13.30 Andra Avenyn 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Ramp 15.30 Mega 16.00 Bolibompa 16.10 Valpen Kasper 16.15 Röri Racerbil 16.30 Lata Lucy 16.35 Jane och draken 17.00 Bobster 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Andra Avenyn 18.30 Häxdansen 19.15 Med vänlig hälsning 19.30 Kobra 20.00 Dispatches on Tibet 20.55 Rapport 21.05 Kulturnyheter 21.20 Glasklart 22.20 Brottskod: Försvunnen



BÍLL Á GÓÐU GENGI FRÁ BÍLABÚÐ BENNA

Kraftmikil og hrífandi fegurð
Alvöru LÚXUS jeppi sem stenst samanburð...



TOYOTA LAND CRUISER VX*	173 hö.
Sjálftstæð fjöðrun á hverju hjóli	NEI
18" álfelgur	NEI
Sæti fyrir 7 - Þriðja sætaröð	NEI
USB tengi fyrir iPod	NEI
Bakkskynjari	NEI
Hraðastillir (cruise control)	JÁ
Yfirbygging á grind - Fjór hjóladríf 4x4	JÁ
Leðuráklæði á sætum og rafdrifin framsæti	JÁ
ESP Skriðvörn	NEI
Litað gler	JÁ
SRS loftþúðar - Ökumann & framsætisfarþega	JÁ
Rafstýrð sóllúga	NEI
Eyðsla - Innanbæjar (l/100km)	11,6 ltr.
Eyðsla - Utanbæjar (l/100km)	7,5 ltr.
Dráttargeta með bremsubúnaði	2800 kg

*Samkvæmt upplýsingum af www.toyota.is 14.04.08

Verð kr. 7.700.000.-



SsangYong REXTON II RX270 XVT	186 hö.
Sjálftstæð fjöðrun á hverju hjóli	JÁ
18" álfelgur	JÁ
Sæti fyrir 7 - Þriðja sætaröð	JÁ
USB tengi fyrir iPod	JÁ
Bakkskynjari	JÁ
Hraðastillir (cruise control)	JÁ
Yfirbygging á grind - Fjór hjóladríf 4x4	JÁ
Leðuráklæði á sætum og rafdrifin framsæti	JÁ
ESP Skriðvörn	JÁ
Litað gler	JÁ
SRS loftþúðar - Ökumann & framsætisfarþega	JÁ
Rafstýrð sóllúga	JÁ
Eyðsla - Innanbæjar (l/100km)	11,7 ltr.
Eyðsla - Utanbæjar (l/100km)	7,5 ltr.
Dráttargeta með bremsubúnaði	3200 kg

Verð kr. 5.690.000.-

Mismunur kr. 2.010.000,-

Hvað vilt þú gera?...



Akureyri
Bílasalan ÓS
Njarðarnesi 1
Sími 462 1430

Borgarnes
Bílasala Vesturlands
Sólbakka 2
Sími 437 2100

Egilsstaðir
Bílasala Austurlands
Fagradsalsbraut 21-23
Sími 471 3005

Reykjanesbær
Bílahornid hjá Sissa
Brekustíg 38
Sími 420 3300

Reykjavík
Bílabúð Benna
Tangarhófa 8-12
Sími 590 2000



590 2000 • www.benni.is



„Við erum alltaf með útvarpið í gangi. Og ætli sá tími skiptist ekki jafnt milli Bylgjunnar og FM 957. Hins vegar er það náttúrlega þannig að við stillum tækin í botn þegar Eurovision-lagið okkar hljómar.“

Sólveig Birna Gísladóttir, fördunarameistari á Airbrush & Makeup Gallery.

Íslenskt brúðkaup í Hell's Kitchen

Í Hell's Kitchen-þættinum sem Stöð 2 sýnir á morgun er fylgst með Gordon Ramsey æsa sig við upprennandi kokka í brúðkaupi í Los Angeles. Brúðurin, Carlota Björk Venegas, er hálf-íslensk, en hún er fædd og uppalin í Bandaríkjunum. Móðir hennar, Linda Venegas, sagði veisluna hafa verið hina ákjósanlegustu, en hún fór fram í febrúar í fyrra. „Framleiðendur þáttanna voru að leita að pari sem vildi gifta sig með mjög stuttum fyrirvara. Hann var rúm vika, en venjulega tekur fólk ár í að undirbúa brúðkaup. Þau voru búin að vera að leita að stað til að halda brúðkaupsveislu á í nokkra mánuði og stukku bara á þetta tækifæri,“

útskýrir Linda. Carlota á mexíkóskan föður, en brúðguminn, Cyrus Kavari, er af ítölskum og írönskum ættum. Linda segir Hell's Kitchen hafa séð um allt sem að veislunni laut. „Carlota mátti hins vegar ráða lit á kjólum brúðarmeyjanna, sínum eigin kjól og svo hvort hún vildi súkkulaði- eða vanillubrúðartertu,“ segir Linda. Veislunni var slegið upp í stóru vöruhúsi, sem aðstandendur þáttanna höfðu breytt í veitingastað fyrir kvöldið. „Þetta var mjög flott, borð og þjónar og rauður dregill fyrir brúðhjónin. Manni hefði ekki dottið annað í hug en að þetta væri fínasti veitingastaður,“ segir Linda og hlær við. Carlota

og Cyrus var að auki boðið í brúðkaupsferð á veitingastað Ramsey fyrir utan Las Vegas, Green Valley Ranch. Þeir sem hafa fylgst með Hell's Kitchen vita að það gengur ýmislegt á í eldhúsinu, en Linda segir það ekki hafa spilt veislunni. „Maður sá þau þjóta fram og til baka í eldhúsinu, og Ramsey stendur þarna og stjórnar þeim og öskrar og bölvast,“ segir hún og hlær. „Einhverjir kvörtuðu undan því að hafa þurft að bíða svolítið lengi eftir matnum, en það er bara partur af þessu. Það sem ég borðaði og við var að minnsta kosti afskaplega gott. Þetta hefði ekki getað verið huggulegra,“ segir Linda. - sun



VEISLA Í BOÐI RAMSEY Brúðhjónin Carlota og Cyrus héldu brúðkaupsveislu í Hell's Kitchen, en þátturinn verður sýndur hér á landi á morgun.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT: 2. missa 6. eftir hádegi 8. sarg 9. ot 11. samanburðart. 12. drottningarmaður 14. kjöt 16. í röð 17. fley 18. ennþá 20. núna 21. betl. **LÖÐRÉTT:** 1. bót á flik 3. tvíhljóði 4. fjölmiðlar 5. beita 7. týndur 10. að 13. gogg 15. krukka 16. húðpoki 19. átt.



ÁHUGI Á ÍSLANDI Þór Bæring segir goðsagnir á borð við Daniel Negreanu, hér að ofan, hafa áhuga á að spila á Íslandi þegar mótaþóker verður lögleiddur.

ÞÓR BÆRING: FYRRVERANDI ÚTVARPSMAÐUR STOFNAR PÓKERVEFSÍÐU

Erlendar pókerstjórnur áhugasamar um Ísland

Erlendar pókerstjórnur hafa sýnt því áhuga að koma hingað til Íslands og spila póker á sérstökum pókermótum. Þetta segir Þór Bæring Ólafsson, ritstjóri pókervefjarinnar Pokernet.is. Hann telur það einungis tímaspursmál hvenær mótaþóker verði lögleiddur hér á Íslandi og hvetur yfirvöld á Íslandi til að kynna sér málið betur. Talið er að tugir Íslendinga sækja alþjóðleg póker mót á ári hverju og þar er Evrópumótarið vinsælast. Þátttakendur vinna sér sæti í gegnum pókerstíur. Nokkrir fara einnig vestur um haf og spila í spilaborginni Las Vegas á heimsmótariðinni.

Þór býr nú í Kaupmannahöfn og hefur gert undanfarið ár en eiginkona hans er þar við nám. Að sögn Þórs kunna þau vel við sig í kóngsins Köben og hafa komið sér vel fyrir. Þór er landsmönnum að góðu kunnur fyrir störf sín í útvarpi og sjónvarpi en hefur að undanfögnu einbeitt sér að rekstri vefsíðna undir merkinu Bara gaman. Þar er vefsíðan pokernet.is einna vinsælust sem gefur kannski hvað best til kynna hversu vinsæll pókerinn er hér á

landi. Þór kynntist pókerum þegar hann horfði á útsendingar frá mótum á sjónvarpsstöðinni Sýn. Þór vonast til að íslensk stjórnvöld taki við sér og lögleiði mótaþókerinn á Íslandi. „Ég horfði á viðtalið við Jón H.B. Snorrason í Kastljósinu og svo virðist sem lögregluvirkjald hafi ekki kynnt sér málið nægilega vel. Áhugamenn um póker hafa ekki áhuga á svokölluðu cash-game heldur vilja lögleiða mótaþóker,“ segir Þór en þar greiða þátttakendur ákveðið þátttökugjald sem Þór segir að sé oftast ekki lægra en það sem gengur og gerist hjá bridge-spilurum. „Mér finnst fólk ekkert reiðubúið til að kynna sér málið; póker er bara stimplað sem fjárhættuspil og málið dautt,“ segir Þór. Á vefsíðunni hefur Þór rætt við alþjóðlegar stjórnur úr pókerheiminum, þeirra á meðal goðsögnina Daniel Negreanu og hinn danska Gus Hanson. Þeir hafa báðir lýst yfir áhuga sínum á að koma hingað til lands og spila þegar mótaþóker verður lögleiddur. „Og það er svo sem ágætis byrjun,“ segir Þór. - fgg

FRÉTTIR AF FÓLKI

Jolene, barinn sem þær Dóra Takafusa og Dóra Dúna Sighvatsdóttir eiga og reka í Kaupmannahöfn, opnar aftur 7. maí og þá á nýjum stað. Barinn var áður til húsa á Sorg-enfrigade í Norðurbrúar-hverfinu, en þurfti að flytja sig um set eftir að nágrennar kvörtuðu undan hávaða. Hann var opnaður í ágúst 2007, en var lokað aftur í lok nóvember. Síðan þá hafa Dórnar tvær leitað að nýjum samastað fyrir Jolene, sem hafði öðlast miklar vinsældir á stuttum líftíma sínum.

Þann samastað ku vera að finna í hverfinu Købbyen, á Vesturbú, sem hefur verið í mikilli uppsveiflu að undanfögnu. Þar úir og grúir allt af slátrurum og öðrum fyrirtækjum sem tengjast kjötvinnslu, en upp á síðkastið hafa gallerí og flottir veitingastaðir einnig skotið upp kollinum. Götuheiti nýrra hliðvála Jolene ber fortíð hverfisins vitni, en barinn mun verða að finna við Flæsketorvet, eða Flesktorgið. Staðurinn mun verða með sama sniði og í fyrri húsakynnum, svo fastagestir ættu ekki að óttast.

Gagnrýnandi New York Times fer lofsamlegum orðum af frammi-stöðu söngkonunnar **Dísellu Lárusdóttur** á einsöngstónleikum hennar, sem fram fóru í Merkin-tónleikahöllinni í New York í síðustu viku. Hann segir meðal annars að rödd hennar hafi „glitrað eins og silfur“ í laginu I Love You eftir Grieg, og hreifst sérstaklega af nærveru Dísellu og hreyfingum á sviði, sem hann kveðst ekki viss um hvort eigi rætur sínar að rekja til „reynslu hennar af óperu“, eða séu „gagnlegur minjagripur úr poppförtíð hennar“, en á ferilskrá hennar er meðal annars að finna þátttöku í Söngvakeppni sjónvarpsins.

LAUSN
krús, 16. hes, 19. na.
5. ærn, 7. horfning, 10. til, 13. nef, 15.
LÖÐRÉTT: 1. lepp, 3. au, 4. pressan, far, 18. enn, 20. nú, 21. snap.
11. en, 12. prins, 14. flesk, 16. hi, 17.
LÁRÉTT: 2. tæpa, 6. eh, 8. urg, 9. pot.

VEISTU SVARID

- Svör við spurningum á síðu 8.
1. 45.
 2. ÍA og Fram.
 3. Nasa við Austurvöll.

Opinn bæjarmálfundur VG á Akranesi í kvöld klukkan 20 að Þjóðbraut 13 efri hæð
www.vg.is

HVERS VIRÐI ER ÉG?

NÝ OG FÁRÁNLEGA SKEMMILEG SÝNING UM FJÁRMÁL ÍSLENDINGA!

Fyrst var það Helligsbúinn, síðan Pabbinn og nú er það **HVERS VIRÐI ER ÉG?** Óborganlega myndin sýning Bjarna Hauks Þórssonar um fjármál Íslendinga. Frábær sýning í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar.

SÝNINGAR			
Lau	19/4	Órfa sæti laus	kl. 19
Lau	19/4	Órfa sæti laus	kl. 21
Fös	2/5	Órfa sæti laus	kl. 19
Fös	2/5		kl. 21
Lau	3/5		kl. 20
Lau	3/5		kl. 22
Fös	16/5	Órfa sæti laus	kl. 19
Fös	16/5		kl. 21
Lau	17/5		kl. 19
Lau	17/5		kl. 21

Sýnt í Salnum Kópavogi
Miðasala hjá Salnum í síma 5700 400, á salurinn.is og midi.is. Miðaverð 2000 kr. 50% afsláttur er fyrir viðskiptavinum Byrs (allt að 5 miðar) ef keypt er í miðasölunni í Salnum. **ATH! Takmarkaður sýningarfjöldi.**

TP THORSSON PRODUCTIONS
BYR SPANJÓUDUR

Páll Óskar kannar hafdýpin

Páll Óskar Hjálmtýsson er fullbokaður út árið. Hann er harðákveðinn í að taka sér hálfis árs frí frá næstu áramótum þótt nú sé sótt hart að honum að taka að sér verkefni á þeim tíma. Hann sér í hillungum að geta kafað í heitum sjó á ný. Hann lærði köfun fyrir fjórum árum en hefur verið ofansjárvar síðan.

„Við mennirnir höldum að við séum miðpunktur alheimsins, en svo er önnur veröld í sjónum sem þekur 70 prósent jarðarinnar,“ segir Páll. „Það er skondið, en það er nákvæmlega sama „systemið“ í gangi í sjónum og á jörðinni. Þarna eru trukkabilstjórnar, stjórnámalenn og trúðar. Og alveg eins og ofansjárvar þá éta stóru fiskarnir litlu fiskana.“

Það var Coco, vinur Páls, sem átti hugmyndina. Þeir fóru á tveggja vikna námskeið á Kanaríeyjum fyrir fjórum árum og voru komnir í sjóinn eftir viku af bóklegu námi og svamli í sundlaug. „Að vera í sjónum er eins og að vera Barbarella in space,“ segir Páll dreyminn, „ofsalega fallegur heimur og mögnuð lífsreynsla. Eitt það magnaðasta var að stökkva fram af þverhniptum kletti og láta sig falla ofan í endalasta djúpi.“

Palli fór mest á 46 metra dýpi og komst aldrei í hann krappan. „Við fórum í reiptog við kolkrabba en hittum bara einn hákarl. Það eru til þúsund tegundir af hákurlum eða eitthvað, en bara þrjár sem eru mannýgar og tryllast ef þær finna lykt af blóði. Við hittum nú bara einhvern aumingjahákarl, örugglega grænmetisætu, sem skaut í burtu skithæddur þegar við sögðum hæ.“

Páll er farinn að kíkja á heppilega staði til að endurnýja kynnin af blautbúningnum. „Við höfum augastað á annaðhvort Sydney í Ástralíu eða Galapagos. Ég hef heyrt mjög fallega hluti um þessa staði. Ég hlakka brjálæðislega til að snúa aftur í þessa litadýrð sem við höfum ekki aðgang að hérna ofanjarðar.“ - gth

FÓR MEST Á 46 METRA DÝPI Pál Óskar dreymir um að endurnýja kynnin við blautbúninginn.



2 til 3 milljóna munur!

Nýr 2008 Volvo XC90 3,2 bensín



Listaverð með þessum búnaði Kr. 9.078.000,- *
án loftkælingar fyrir 3. sætaröð.

Okkar verð: Kr. 5.990.000,- með loftkælingu fyrir 3. sætaröð.

Þú sparar 3.088.000,-

Sem er 34% verðmismunur í það minnsta !

4 ára ábyrgð fylgir.

Auk staðalbúnaðar er eftirfarandi innifalið í verði:

Leður Áklæði - Rafdrifin framsæti fyrir ökumann og farþega - Minni fyrir ökumannssæti og útispegla - Viðarklæðning í innréttingu - Málmlitur - Loftþrúði farþegamegin að framan aftengjanlegur - Þjófavörn - Rafdrifin gler sóllúga - Hlíðarpanna undir vél - Teppamottur - Rafknúin baksýnispegill - Bakkskynjarari - Rafknúnar barnalæsingar - Áttaviti í baksýnispegli - "Air Quality System" - Viðarstýri - "Bluetooth" fyrir síma - loftkælingu fyrir 3. sætaröð með sér stilli. 7 manna útfærsla með hleðslujafnara að aftan og innbygðum barnarúða - Þvottakerfi á aðalljós.

Nýr Volvo XC90 2,4 diesel 5 og 7 manna.



Listaverð með þessum búnaði Kr. 9.484.000,- **
án eftirfarandi búnaðar sem er í þessum bíl.

Leiðsögubúnaður (virkar enn sem komið er aðeins á meginlandi Evrópu)
Loftkæling í aftursæti í C – pósti
Hljómgræjur stillanlegar úr aftursætum.
Ofn. smálegt.

Okkar verð: Kr. 7.250.000 til 7.390.000,-

Þú sparar yfir 2 milljónir.

og færð betur útbúinn bíl.

Sem er 22% verðmismunur í það minnsta !

4 ára ábyrgð fylgir.


Auk staðalbúnaðar er eftirfarandi innifalið í verði:

"Design Line" Pakki = Hliðarrúður aftan dökkar + Áklæði leður + leðurgírstöng + Viðarklæðning í innréttingu + Viðarklætt stýri - "Viðbót við Design Line" Áklæði leður soft SOVEREIGN - "Mobility Line" Pakki = GSM sími innbyggður með fjarstýringu í stýri + Loftþrúði farþegamegin að framan (aftengjanlegur) - "SE+Line" = Álfelgur "18 + Xenon ljós + Þvottakerfi á aðalljós + Geislaspilari ó diska (framhlaðið) + Sportmælar í mælaborði með klukkuskífum + Minni fyrir ökumannssæti og útispegla + Rafdrifið ökumannssæti - "Viðbót við SE Line" - Gasljós Xenon með beygjustýringu - Álfelgur "18 Camulus - Málmlitur - Vökvastýri með hraðþyngingu - Bakkskynjari - Speglafrítt gler í fram og hliðarrúðum - Vélarhitari með tímastilli - Rafdrifin glersóllúga.

BÍLARNIR ERU TIL Á STAÐNUM




4 ára ábyrgðin er Bílaábyrgð tryggingarfélagssins Varðar



www.sparibill.is • Fiskislóð 16 • Granda • Sími: 577 3344

*Samkvæmt skriflegu tilboði frá Brimborg dagsettu þann 8 apríl 2008. **Samkvæmt skriflegu tilboði frá Brimborg dagsettu þann 7 apríl 2008.



BAKÞANKAR
Práins
Bertelssonar

Óheppileg umræða!

Mikil opinber umræða getur verið óheppileg, skapað óraunhæfar væntingar og þar með haft neikvæð áhrif. Geir H. Haarde, formaður Flokksins og forsætisráðherra Íslands, á fundi með Samtökum atvinnulífsins 18. apríl 2008.

ÞESSI „sakleysislegu“ viðvörðun- arorð benda ótvírætt til þess að það hafi farið fram hjá þessum forsætisráðherra sem vill sveipa aðgerða- og ráðleysi sitt dulúð, að vestrænt lýðræði og stjórnarskrár allra lýðræðisríkja byggja á einum og sama hornsteini: Sá hornsteinn sem öll hin sameiginlega velferð okkar byggist á heitir TJÁNING- ARFRELSI. Opinber umræða getur vissulega verið óheppileg, jafnvel banvæn, fyrir óhæf stjórn- völd en hún er undirstaða velferð- ar almennings. Á því grundvallar- atriði að það sé best fyrir heildina að allir hafi óheftan rétt til að tjá sig hvílir þjóðfélagsgerð okkar. Allt annað í stjórnarskrá okkar leiðir af þessu atriði.

ÞAD er ógnvekjandi tilhugsun að skilningur á því sem stjórnarskrá lýðveldisins byggist á skuli ekki hafa náð inn í höfuðkúpuna á þessum forsætisráðherra – heldur. Fyrirrennari hans sem nú er seðla- bankastjóri – ekki í Simbabve heldur á Íslandi – vildi setja forn- aldarlög um fjölmiðla svo að þeir trufluðu ekki „stjórnvöld“ í sinni djúpu hugleiðslu um hagsmunagæslu og samtryggingu útvalinna. Þessi vill ganga feti fram og biðst undan hinum neikvæðu áhrifum sem kunna að vera fylgi- fiskur mikillar og líflegrar opin- berrar umræðu.

ÉG held að þetta sé skuggalegasta yfirlýsing sem ég hef séð koma frá íslenskum stjórnámámanni á síðustu áratugum. Þó hef ég fylgst með fjölmiðlafrumvarpi, upp- byggingu greiningardeilda og stofnun sérsveita. Ég hef heyrt og séð menn réttlæta fasískar lög- regluáðgerðir gegn kínverska andófs- og heilsuræktarhópnum Falun Gong. Og síðast en ekki síst hef ég ásamt með þjóðinni fylgst með hinum þrákelknislegu yfir- lýsingum varaformanns Flokksins um að hún ætli „víst og samt“ á Ólympíuleikana í Peking hvað sem tautar og raular og hvað sem líður Tíbet, lýðræði og mannréttindum – sem hún segist vera búin að ræða nægilega oft við Kínverja.

ÞEKKIR valdhrokinn engin tak- mörk lengur? Hvað er eiginlega í gangi hérna?

GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 21. apríl,
111. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 5.34	13.26	21.21
Akureyri 5.09	13.11	21.15

Heimild: Almanak Háskólans

llæggra verð

Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri



FJÓRHJÓLADRIFINN NISSAN

QASHQAI

QASHQAI FÉKK **HÆSTU EINKUNN Í ÁREKSTRARPRÓFI** EURO-NCAP FRÁ UPPHAFI, EÐA 38 STIG AF 40 MÖGULEGUM. KOMDU Í KAFFI Í DAG OG REYNISLUAKTU FRÁBÆRUM JEPPLINGI.

Fjór hjóladrifinn jepplingur á verði frá:

2.990.000 kr.



Einn vinsælasti jepplingurinn á Íslandi

Þessi nýi fjór hjóladrífni bill frá Nissan hefur svo sannarlega slegið í gegn á síðasta ári. Hann er til í mörgum útfærslum, með og án sjálfskiptingar, bensín eða dísil.



ENNEAM / SIA / NM33188



GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808



INGVAR HELGASON